# VATNEYRI HÚSAKÖNNUN

Greinagerð ágúst 2019





**GINGI** teiknistofa

MIÐTÚN 1, 460 TÁLKNAFJÖRÐUR

697 6984 gingi11@simnet.is

Contents

0 FORMÁLI ..... 3
1 BYGGINGARSAGA OG ÞRÓUN BYGGÐAR Á EYRUM. ..... 4
1.1 NÁTTÚRLEG HÖFN ..... 4
1.2 UPPHAF BYGGÐAR Á EYRUN, ..... 4
1.3 PATREKSHREPPUR, byggingarsamþykktir og byggingarnefnd. ..... 7
1.4 AÐALSKIPULAG 1938 ..... 8
1.5 SKIPULAG TEIKNISTOFU SKIPULAGSINS ..... 10
2 BYGGINGAMEISTARAR / HÖNNUÐIR ..... 10
3 EINKENNI NÚVERANDI BYGGÐAR ..... 12
4 HEIMILDIR: ..... 17
5 MYNDASKRÁ: ..... 18

# 0 FORMÁLI

Samkvæmt 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar þegar unnið er deiliskipulagi í þegar byggðu hverfi og skal hún höfð til hliðsjónar við gerð skipulagsins. Á þann hátt er leitast við að tryggja að nægileg þekking sé til staðar til að taka upplýstar ákvarðanir um verndun og skilmála einstakra húsa og mótun byggðarinnar til framtíðar.

Í húsakönnun skal m.a. tilgreina byggingarár, hönnuði, byggingarefni, hæðafjölda, og breytingar húsa. Birta skal eina ljósmynd fyrir hvert hús.

Patreksfjörður var oft, og er enn, nefndur Eyrar og er þá átt við Vatneyri annars vegar og Geirseyri hinsvegar sem upphaflega voru tveir sjálfstæðir byggðarkjarnar. Hér á eftir er könnun byggðar á Vatneyri að undanskildu hafnarsvæðinu og götunum Mýrum og Hólum en þar hefur verið gerð húskönnun með tilheyrandi greinagerð.

Ekki er um að ræða tæmandi úttekt á sögu viðkomandi svæðis. Hins vegar er nauðsynlegt að átta sig á heildarsamhengi og þróun svæðisins. Hvert hús hefur verið myndað, tilgreint byggingarár og hver hönnuður þess er, byggingarefni og frágangur ytra byrðis og breytingar skráðar.

# 1 BYGGINGARSAGA OG ÞRÓUN BYGGÐAR Á EYRUM.

## 1.1 NÁTTÚRLEG HÖFN

Patreksfjörður er syðstur hinna eiginlegu Vestfjarða. Sunnan fjarðar eru dalir með talsverðu undirlendi en á norðurströnd ganga fjöll í sjó fram og er eina undirlendið á svokölluðum eyrum, Vatneyrinni sjálfri og Geirseyri sem ekki er eiginleg eyri, en upp af gamla Geirseyrarbænum liggur Miklidalur til suðvesturs og Litlidalur til norðvesturs. Vatneyri og Geyrseyri voru í daglegu tali nefndar Eyrar og er svo enn hjá fólki í nærsveitum.

Innan Vatneyrar er eina náttúrulega höfnin í gamla Rauðasandshreppi. Siglingaleiðin var greið og eyrin myndar eðlilegt skjól fyrir hafáttum. Eyrar höfðu orð á sér fyrir að vera góð sumar- og vetrarhöfn og leituðu þangað í gegnum aldir erlend kaupför og fiskiskip. Þegar skútuöldin gekk í garð á Patreksfirði um og uppúr miðri 19. öld, hófst þéttbýlismyndun á Eyrum, (Vatneyri og Geirseyri), í tengslum við sjósókn, saltfiskverkun og verslun.




*Mynd 1. Vatneyre, Island N.V.Kyst – Patrixfjord. Opmaalt fra skoneten Diana 1866 og 1882“*

## 1.2 UPPHAF BYGGÐAR Á EYRUN,

Frá fornu fari hefur verslun verið stunduð á Vatneyri og þangað sóttu kaupmenn frá ýmsum löndum. Elstu heimildir um verslun á Vatneyri eru frá 1570. Vatneyri tilheyrði áður jörðinni Geirseyri. Staðurinn var viðurkenndur verslunarstaður á einokunartímanum milli 1604-1787, en vegna hagræðis rekin sem einskonar útibú frá versluninni á Bíldudal. Eins var legan á Patreksfirði fjölsótt af erlendum sjómönnum sem stunduðu fiskveiðar á svæðinu.

Verslunarlóð einokunarverslunarinnar var á innanverðri Vatneyri og voru verslunarhúsin byggð úr timbri enda ekki ætluð til vetursetu. Landslýður bjó hinsvegar í torfhúsum sem voru hlýrri og hentuðu betur þar til farið var að flytja kol til landsins. Vatneyrarbærinn stóð á eyrinni utan við verslunarlóðina og var þar eina fasta búsetan. Útræði var utar í firðinum, einkum í víkunum sunnan fjarðar, og fengu kaupmenn þaðan skreið til útflutnings.




*Mynd 2. Uppdráttur af verslunarlóðinni á Vatneyri frá 1766.*

Einokunarversluninni lýkur formlega árið 1787 og eftir það eru danskir kaupmenn með verslunarlóðina en um miðja 19. öld taka íslenskir kaupmenn við, skútuöldin heldur innreið sína á Patreksfirði og saltfiskverkun verður burðarásinn í atvinnulífi og útflutningi. Samfara þessari breytingu verður aukin þörf á fólki til starfa og fólk fer að flytjast úr sveitum og þéttbýli að myndast. Byggðin sem í dag er nefnd Patreksfjörður varð til úr tveimur þorpum sem urðu til í lok 19. aldar, á landi tveggja bújarða, Geirseyrar og Vatneyrar, sem í daglegu tali voru nefnd Eyrar. Góð hafnarskilyrði á Vatneyri hentuðu vel þegar skútuöldin gekk í garð og ennfremur voru á eyrinni einhverjar bestu aðstæður til saltfiskverkunnar á landinu og vatnið sem eyrin er kennd við nýttist til ístöku. Upphaf byggðar var á verslunarlóðinni sjálfri en síðan óx byggðin með ströndinni inn eftir eyrinni. Auknar siglingar milli landa  höfðu í för með sér að farið er að flytja til landsins timbur og kol sem gerir að farið er að byggja og búa í timburhúsum. Ekki er farið að byggja inni á

sjálfri eyrinni fyrr en í lok fjórða áratugar síðustu aldar þegar áhersla á saltfiskverkun hafði minnkað og frystihús risið.

Árið 1865 lýkur tíma danskra kaupmanna á Vatneyri og Íslendingar taka við þegar Þorsteinn Þorsteinsson (Th. Thorsteinsson) yngri kaupir verslunarstaðinn. Ári síðar kom upp eldur í krambúðinni og breiddist eldurinn út í nálæg hús og brenna nánast öll hús verslunarinnar. Húsin sem brunnu voru bjálkabyggð og hafa líklega verið frá tíma einokunarveslunarinnar. Árið 1892 tók Pétur Thorsteinsson á Bíldudal hluta verslunarlóðarinnar á leigu og 1896 kaupir hann Vatneyrarverslunina. Ólafur B. Jóhannesson, (f.1867 d.1936), var faktor Péturs Thorsteinsonar og seinna Milljónafélagsins, sem stóð fyrir stórfelldri uppbyggingu á eyrinni, en við gjaldþrot þess árið 1914 kaupir Ólafur verslunarlóðina með húsum félagsins á Vatneyri. Fyrirtæki Ólafs og sona hans, Ó. Jóhannesson & co, varð burðarás í atvinnulífi Vatneyrar fram yfir miðja síðustu öld. Árið 1925 hóf fyrirtækið togaraútgerð og lengi vel var þriðja stærsta togaraútgerð landsins á Patreksfirði. Ólafur sendi syni sína til mennta í þeim löndum sem hann hafði mest viðskipti við og eftir að hann féll frá ráku synir hans, Vatneyrarbræður, fyrirtækið.

Markús Snæbjörnsson, (f.1832), skútuskipstjóri, byrjaði verslun og saltfiskverkun á jörð sinni Geirseyri árið 1867 og fer þá að myndast þar þorp. Markús gaf lóðir undir skóla, sjúkrahús, kirkju og kirkjugarð og voru lóðir þessar mitt á milli þorpanna í brattri hlíðinni. Gatan sem tengdi þorpin nefndist Aðalstræti og fram á miðjan fjórða áratug síðustu aldar er nánast öll byggðin við götuna. Undantekning voru svokallaðar Urðir ofan Vatneyrar sem síðar verður Urðargata og Krókurinn. Heimildir eru um fimm íbúðarhús í Urðum árið 1910 og sýnir uppdráttur frá 1914 legu þeirra.

Samhliða uppbyggingu útgerðar, saltfiskverkunar og verslunar á Eyrum fara embættismenn að flytja þangað. Héraðslæknir sest þar að árið 1877 og sýslumaður árið 1881. Sparisjóður Vestur-Barðastrandarsýslu er stofnaður 1892 og lánaði hann fé til byggingar skóla árið 1900. Ári seinna er lokið við byggingu spítala og hefst rekstur rekstur hans árið 1902. Af öllu þessu leiddi aukinn straum ferðamanna, bæði innlendra og útlendra sjómanna sem komu til lækninga og íbúa Barðastrandasýslu.



*Mynd 3. Vatneyri 1886, mynd tekin úr skonortuni Díönu.*



*Mynd 4. Vatneyri 1928*




*Mynd 5. Uppdtáttur af Eyrum frá 1914. Kort: Landmælingar Íslands, lmi.is.*

## 1.3 PATREKSHREPPUR, byggingarsamþykktir og byggingarnefnd.

Patreksfjarðarhreppur verður til árið 1907 þegar Rauðsandshreppi var skipt og var hreppurinn á landi bújarðanna Geyrseyrar og Vatneyrar sem náði frá svokölluðu Altarisbergi, rétt innan við núverandi byggð, og út fjörðinn að sunnanverðu. Á eyrum bjuggu 88 manns árið 1890 og 1910 er íbúfjöldi Patreksfjarðar orðinn 475 manns. Með vaxandi byggð varð aukin þörf á að hafa stjórn á þróun byggðarinnar og var fyrsta byggingarsamþykkt hreppsins samþykkt árið 1913.
Árið 1928 tekur ný Byggingarsamþykkt fyrir Patreksfjarðarkauptún gildi og er þá skipuð fyrsta byggingarnefndin. Nefndin, sem jafnframt sinnti skipulagsmálum, lét sér allt umhverfið varða svo sem girðingar, tók fagurfræðilega afstöðu til útlits húsa o.fl. Á þessum tíma er orðinn öflugur hópur iðnaðarmanna á Patreksfirði. Árið 1942 stóð Iðnaðarmannafélag Patreksfjarðar fyrir stofnun Iðnskóla Patreksfjarðar og starfaði skólinn til ársins 1980.



*Mynd 6. Vatneyri / Aðalstæti árið 1927.*

## 1.4 AÐALSKIPULAG 1938

Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins og Guðmundur Hannesson læknir gerðu fyrsta skipulagið á Patreksfirði, fyrir Vatneyri annarsvegar og Geirseyri hinsvegar, sem staðfest var 11. nóv. 1938. Frumuppdrættir hafa ekki fundist en nokkrir deiliskipulagsuppdrættir hafa varðveist. Skipulag þetta var vel undirbúið og hafði Jón Víðis mælt upp þorpin og gert uppdrætti með hæðarlínum á árunum 1935-36, og árið 1936 kemur Guðmundur Hannesson í vettvangsskoðun til Patreksfjarðar og skrifar í kjölfarið grein um skipulagsgerðina í Morgunblaðið, (Guðmundur Hannesson, 1936).




*Mynd 7. Deiliskipulag íþróttavallar og sundlaugar á Vatneyri frá 1943, byggt á aðalskipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar.*

Á stríðsárunum er skútuöld lokið og togaraútgerð tekin við sem meginstoð atvinnulífsins, frystihús að mestu tekin við af saltfiskverkun, togarar sigla með ísfisk til Bretlands og koma með kol og sement til baka. Við þessa breytingu losnar mikið byggingarland á Vatneyri sem áður hafði verið eyrnamerkt saltfiskverkun. Steinsteypuöldin er gengin í garð og funkis-stíll tekin við af hefðbundnum timburhúsum sem átt höfðu samleið með skútunum. Húsasmíðameistarar á Patreksfirði hanna nánst öll hús sem byggð eru í plássinu og fylgast vel með nýjum straumum í byggingarlist.  Á Vatneyrinni rís hverfi byggingarmeistarafunkishúsa byggð samkvæmt skipulagi Guðjóns og Guðmundar.



*Mynd 8. Túngata Húsin hönnuð af Inga Kristjánssyni*



*Mynd 9.  Bjarkargata 5 - hönnuður Ingi Kristjánsson*

Höfn Vatneyrarverslunar var við innanverða eyrina en árið 1946 hófust framkvæmdir við nýja höfn á Vatneyri, grafið var inn í vatnið á eyrinni og var höfninn opnuð formlega árið 1950. Fullgerð var höfnin talin sú besta á landinu.

## 1.5 SKIPULAG TEIKNISTOFU SKIPULAGSINS

Árið 1964 er samþykkt nýtt skipulag fyrir Patreksfjörð sem gert var af Teiknistofu skipulagsins og er fyrsta húsið við Mýrar byggt sama ár ofan götu. Á þessum tíma er sú breyting orðin á að farið er að sækja teikningar af húsum til sérfræðinga að sunnan og þá einkum til Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Á sjöunda og áttunda áratugnum er mikið byggt í plássinu samkvæmt skipulaginu og nýjar götur verða til m.a. Hólar, Mýrar, Brunnar, Hjallar og Sigtún ennfremur lengist Aðalstræti þegar farið er að byggja á svonefndum Björgum.




*Mynd 10. Skipulagsuppdráttur Patreksfjarðar 1964-66. Teiknistofa skipulagsins.*

# 2 BYGGINGAMEISTARAR / HÖNNUÐIR

Samfara skútuútgerð og þorpsmyndun skapast störf fyrir iðnaðarmenn. Fyrstu iðnaðarmennirnir sem setjast að á Eyrum eru skipa- og trésmiðir. Í kjölfarið koma járnsmiðir, skósmiðir, bakarar, og bókbindarar. Árið 1941 er stofnað Iðnaðarmannafélag Patreksfjarðar að frumkvæði Inga Kristjánssonar bygginga- og múrarameistara og Kristjáns J. Guðbrandssonar byggingameistara en báðir voru þeir með nema á samningi. Nær allir iðnaðarmenn á staðnum voru félagar alls 22 að tölu. Ári síðar stóð félagið að stofnun iðnskóla sem starfræktur var í 40 ár.
Með örfáum undartekningum voru nánast öll hús sem byggð voru á Eyrum fram á sjötta áratug síðustu aldar hönnuð af byggingameisturum á staðnum. Fyrsta byggingameistarafunkishúsið, Strandgata 17, er byggt árið 1936, hannað af Jóni Jónssyni „smiði á öllum fjörðum“, þó funkisáhrifa sé farið að gæta fyrr. Segja má að funkisinn slái í gegn með komu Inga Kristjánssonar á staðinn en hann flutti til Patreksfjarðar frá Hafnarfirði í kreppunni um miðjan fjórða áratug síðustu aldar. Ingi flytur aftur til Hafnarfjarðar árið 1948 og verður þá Guðjón Jóhannesson afkastamesti hönnuður og byggingameistari á staðnum en hann var einn af fyrstu nemendum iðnskólans.

Þegar kemur fram á sjöunda áratuginn má segja að tímabili hönnunar húsameistara á Patreksfirði ljúki og farið er að sækja teikningar til „sérfræðinga að sunnan“. Algengast verður að teikningar séu fengnar frá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Sem dæmi má nefna að 13 af 21 húsi

Hóla og Mýra, sem byggðust á sjöunda áratugnum, eru samkvæmt þeirra teikningum sem, ásamt ströngum skilmálum bygginganefndar, er með til að skapa ákveðna heild. Aðeins þrjú hús eru hönnuð af húsasmíðameisturum á staðnum, undantekning sem áður var regla. Annars staðar í bænum átti þetta þó eftir að hafa slæmar afleiðingar þar sem hús voru byggð án tillits til aðstæðna sem þekktar voru af meisturum á staðnum.




*Uppdráttur Gests Ó. Gestssonar byggingameistara af Strangötu 13.*

# 3 EINKENNI NÚVERANDI BYGGÐAR

Þegar komið er til Patreksfjarðar, fyrir Geyrseyrarmúlan, blasir Vatneyrin við með samfelldri röð timburhúsa frá lokum 19. aldar og byrjun þeirrar tuttugustu. Aðalstrætið er enn megin lífæð þorpsins, nær frá einum enda til annars, og hafa aðrar götur byggst út frá því. Gatan byrjar á innanverðri Vatneyri og er þar óvenjuvel varðveitt heild húsa sem tengjast verslunar- og útgerðarsögu Patreksfjarðar frá lokum 19. aldar og fram yfir miðja síðustu öld.



*Mynd 11.Vatneyri, ásýnd þorpsins*

Aðalstrætið byrjar með samfeldri röð timburhúsa en innar í götunni og alla leið inn á Geyrseyri einkennist gatan af blöndu timbur og funkishúsa, andstæður sem tíminn er óðum að sætta. Upphaflega var gatan með hlöðnum köntun frá Hólsbrekku og eru enn sjánlegar miklar hleðslur neðan götu á Klifinu og árfam út á Geirseyri allt að Mikladalsá.

Utan Aðalstrætis byggðist snemma svokallaður Kókur og síðan Urðargata en um hana skrifar Guðmundur Hannesson eftirfarandi: *Smágata ofan Eyrarinnar heitir Urðargata og Patreksfirðingar kalla ekki allt „urð“.* Við gatnamót Urðargötu og Aðalstrætis er svokallað „Skver“, miðja Vatneyrar, myndaðist þar vísir að miðbæ með verslunum, kvikmyndahúsi og Friðþjófshúsi en Friðþjófur var einn Vatneyrarbræðra. Stofnanir, kirkja, skóli og spítali, eru hinsvegar við Aðalstræti á svokölluðu Klifi á mörkum Vatneyrar og Geirseyrar.


Mynd 12. Aðalstræti 1 og röð timburhúsa á Vatneyri.


Mynd 13. Aðalstræti, Kötuhús í forgrunni.


Mynd 14. Skverið. Friðþjófshús, Skjaldborg og Hólsbrekka.


Mynd 15. Hólsbrekka, öðru nafni Bíóbrekka.


Mynd 16 . Aðalsræti í átt að Geirseyri.


Mynd 17. Urðargata. Samfelld röð steyptra ljósastaura.


Mynd 18. Kambshverfið og Krókurinn  ca 1960.


Mynd 19. Krókurinn 2018.



Mynd 20. Þórsgata á 6. Áratug 20. Aldar. – funkisinn tekur við.



Mynd 21 . Aðalstræti 43. Nýjir tímar – ca 1960.

Samhliða skipulagsgerð, Guðjóns Samúelsonar og Guðmundar Hannessonar 1938, losnar mikið byggingarland á Vatneyri þegar hætt var að sólþurrka saltfisk. Tími funkisins er genginn í garð og byggingameistarar hanna og byggja hús við Þórsgötu, Túngötu og Bjarkargötu.

Árið 1950 er tekin í notkun ný díselrafstöð í þorpinu og samhliða sett upp ný götulýsing. Ljósastaurarnir voru úr járnbentri steynsteypu og fluttir inn frá Englandi með togurum Vatneyrarversluar. Milli stauranna voru 60 metrar, í hverju ljóskeri 300 watta perur og þótti þorpið flóðlýst þegar framkvæd lauk. Staurar þessir eru einstakir hér á landi og eitt af einkennum þorpsins en því miður hefur þeim fækkað mikið en nú er ætlunin að varðveita þá sem eftir eru og þá í samfelldrun röðum, frá Aðalstræti 1 og upp Hólsbrekku, í Túngötu og hluta Bjarkargötu, í Króknum og í Urðargötu.



Mynd 22. Ljósastaur við Skaldborg.



Mynd 23.  Ljósastaur í Hólsbrekku.




*Friðlýst, friðuð og umsagnarskyld hús*




*Byggingarár húsa*




*Aðalbyggingaefni húsa.*




*Notkun húsa 2019*

# 4 HEIMILDIR:


Gjörðabók byggingarnefndar Patrekshrepps 1928 – 1969.

Guðjón Friðriksson. (1969). Upphaf þorps á Patreksfirði. (Námsritgerð, 3. stig) Háskóli Íslands, Sagnfræðideild. Reykjavík.

Guðmundur Hannesson. Patreksfjörður- í nútíð og framtíð. *Morgunblaðið1936, 2. október, bls. 5.* http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=103994&pageId=1231877&lang=is&q=Patreksfj%F6r%F0ur

Gils Guðmundsson. Skútuöldin, önnur útgáfa 1977.

Jón Guðnason. (1993). Umbylting við Patreksfjörð 1870-1970: frá bændasamfélagi til kapitalisma. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Kristján Jónsson. (1942). Barðstrendingabók, 1942. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðjan.

Páll Líndal. (1982). Bæirnir byggjast, yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938. Reykjavík: Skipulagsstjóri ríkisins: Sögufélag..

Sigurður Pétursson. (2014). Vindur í seglum II, saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörum

Kirkjur Íslands 26. Bindi.

Iðnskólahald á Patreksfirði í 40 ár. Samantekt Guðbjarts Á. Ólafssonar skólastjóra iðnskólans 1978-1982.

Árbók Barðastrandarsýslu 1950. III árgangur

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun.

Tíminn 19. nóv. 1950.

# 5 MYNDASKRÁ:

Mynd 1: Uppdráttur af Vateyrarhöfn 1882. *(Minjasafnið á Hnjóti)* ........................................................4
Mynd 2: Uppdráttur af verslunarlóðinni á Vatneyri frá 1766. *(Minjasafnið á Hnjóti)* ..................................5
Mynd 3: Vatneyri 1886. *(Minjasafnið á Hnjóti)* ..................................................................................7
Mynd 4: Vatneyri 1928. *(Ljosmyndasafn Vestur Barð)* ........................................................................7
Mynd 5: Uppdtáttur af Eyrum frá 1914. (*Kort: Landmælingar Íslands, lmi.is)* ...........................................7
Mynd 6: Vatneyri / Aðalstræti 1927. *(Patró – facebook)* ......................................................................8
Mynd 7: Deiliskipulag íþróttavallar og sumdlaugar á Vatneyri 1943. (*Skipulagsstofnun)* ...........................9
Mynd 8. Túngata. *(G.B.J.)* ..................................................................................................................9
Mynd 9. Bjarkargata 5. *(G.B.J.)* ...........................................................................................................9
Mynd 10. Skipulagsuppdráttur Patreksfjarðar 1964-66. *(Skipulagsstofnun)* ........................................... 10
Mynd 11. Vatneyri, ásýnd þorpsins. *(G.B.J.)* .......................................................................................11
Mynd 12. Aðalstræti 1 og röð timburhúsa á Vatneyri. *(G.B.J.)* ............................................................12
Mynd 13. Aðalstræti, Kötuhús í forgrunni. *(G.B.J.)* .............................................................................12
Mynd 14. Skverið. Friðþjófshús, Skjaldborg og Hólsbrekka. *(G.B.J.)*.......................................................12
Mynd 15. Hólsbrekka. *(G.B.J.)*..............................................................................................................12
Mynd 16. Aðalsræti í átt að Geirseyri. *(G.B.J.)* ......................................................................................12
Mynd 17. Urðargata. Samfelld röð steyptra ljósastaura. *(G.B.J.)* ...........................................................12
Mynd 18. Kambshverfið og Krókurinn ca 1960. *(Patró – facebook)* ......................................................12
Mynd 19. Krókurinn 2018 *(G.B.J.)* .........................................................................................................12
Mynd 20. Þórsgata á 6. Áratug 20. Aldar. – funkisinn tekur við. *(Ljósmyndasafn Vestur Barð)* ..................13
Mynd 21 . Aðalstræti 43. Nýjir tímar – ca 1960. *(Ljósmyndasafn Vestur Barð)* .........................................13
Mynd 22. Ljósastaur við Skaldborg. *(G.B.J.)* ......................................................................................... 13
Mynd 23. Ljósastaurar í Hólsbrekku. *(G.B.J.)* ....................................................................................... 13

Forsíðumynd er loftmynd úr vefsjá Vesturbyggðar (Loftmyndir ehf.)

**Byggingarár: 1912** Vatneyri - Salthús Salthúsið

Fyrsti eigandi: Pétur Thorsteinsson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Saltgeymsla
Núverandi notkun: Norðausturendi sem enn stendur ekki í




Salthúsið 1920-30.



Salthúsið, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Rennisúð | Bárujárn |
| Undirstaða: | Grunnur er úr | 4" x 4" gólfbitar hvíla á 6" x |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1938 | Smiðjan tengd Salthúsinu með viðbyggingu. | Ókunnur, |

## Saga

Salthúsið verður til í núverandi mynd árið 1912 þegar svo kölluðum Oddahúsum, sem voru tvö samliggjandi pakkús, var breytt þannig að þau urðu undir einu þaki. Óvíst er um aldur Oddahúsana en komið hefur í ljós að þau höfðu timburþak, rennisúð. Veggir hússins voru hafðir útstæðir að neðan þannig að ekki reyndi eins mikið á þá, þegar húsið var fullt upp í mæni. Smiðjan var tengd Salthúsinu með viðbyggingu árið 1938.
Millibygging og salthús voru að hruni kominn og var tekin sú ákvörðun árið 2015, í samráði við Húsafriðunarnefnd, að taka niður millibyggingu og stærstan hluta salthús.Skammbitar og stoðir höfðu verið fjarlægðar úr salthúsinu þannig að útveggir höfðu gengið út og þakið sigið. Þak millibyggingar sem hvíldi á salthúsi hafði sigið og ýtt steyptum útvegg út þannig að hann var að hruni kominn. Sá hluti salthúss sem enn stendur, steyptur milliveggur hélt þeim hluta saman, er upprunalegur og er ætlunin að varðveita hann en endurbyggja síðan þann hluta sem tekinn var niður í sömu mynd og upprunalegt hús. Ennfremur er ætlunin að gera hálfþak milli smiðju og salthúss í norðausturenda og steypa upp í op á útvegg millirýmis þannig að upprunalegt útlit verði á þeirri hlið. Tillögur hafa verið gerðar að þessari endurbyggingu og er beðið fjármögnunar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Óvenjulegt hús með útstæðum veggjum að neðan. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Salthús. Mikilvægur hluti sögu verslunar og útgerðar á Vatneyri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af óvenjuvel varðveittri heild húsa sem tengjast verslunar- og útgerðarsögu Patreksfjarðar frá lokum 19. aldar og fram yfir miðja síðustu öld. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Aðeins hluti hússins uppistandandi og er sá hluti upprunalegur að utan sem innan. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Uppistandandi hluti í slæmu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægur vitnisburður um atvinnu-, verslunar- og útgerðarsögu Vateyrarverslunar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Byggingarár: **1897** | Vatneyri - Pakkhúsið | Pakkhúsið

Fyrsti eigandi: Pétur Thorsteinsson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Pakk- og íshús
Núverandi notkun: Húsið í takmarkaðri notkun.


Pakkhúsið u.þ.b. 1970


Pakkhúsið 2017

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti |
| Útlit: | Tvílyft | Tvílyft<br>Turn |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1906 | Fiskþurrkunarturn | Ókunnur, |
| 1899 | Verbúðarskúr við suðausturhlið - nú horfinn. | Ókunnur, |

## Saga

Pakkhúsið er byggt árið 1897 og var í byrjun allt í senn, pakkhús, ís- og frystihús en ísinn var tekinn úr vatninu sem eyrin er kennd við. Ekki var hægt að draga ísinn að húsinu nema töluverður snjór væri á jörðu og var því, haustið 1899, lögð 350 álna löng járnbraut að vatninu. Járnbraut lá einnig út á reitina þar sem saltfiskur var þurkaður og var vögnum rennt inn í húsið eftir miðju þess sem er lægri en gólf til hliða.
Sumarið 1899 var reistur verbúðarskúr áfastur við húsið sem rúmaði 30-40 manns. Skúrinn er nú horfinn.
Árið 1906 var reist turnlaga hús til fiskþurrkunar áfast við pakkhúsið. Þetta var nýmæli á Patreksfirði en ekki þótti fiskur sem þurrkaður var á þennan hátt jafnast á við þann sólþurrkaða.
Eftir að nýtt íshús var byggt var pakkhúsið notað fyrir saltfisk, pökkun og stöflun, og var netaverkstæði var uppi.

Undanfarin ár hefur verið unnið að uppgerð hússins en það var orðið í mjög slæmu ástandi þegar viðgerð hófst. Húsið var klætt bárujarni til bráðabirgða til að verja húsið meðan unnið er að viðgerð en ætlunin er að húsið verði með upprunalegu útliti að viðgerð lokinni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Einstakur vitnisburður um útgerðar- og atvinnusögu Vatneyrar |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íshús. Mikilvægur hluti sögu verslunar og útgerðar á Vatneyri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af óvenjuvel varðveittri heild húsa sem tengjast verslunar- og útgerðarsögu Patreksfjarðar frá lokum 19. aldar og fram yfir miðja síðustu öld. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er vel varðveitt en hefur verið klætt bárujárni til bráðabirgða meðan á viðgerð stendur. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið líður fyrir að hafa staðið opið fyrir veðri og vindum í mörg ár og þar sem húsið var vel viðað freistuðust menn til að sækja í það timbur, Viðgerðarvinna er hafin. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er friðað samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Vel varðveitt íshús frá lokum 19. aldar og vitnisburður um atvinnu- verslunar- og útgerðarsögu |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1916** Aðalstræti 1 Vatneyrarbúðin

Fyrsti eigandi: Ólafur Jóhannesson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Verslun
Núverandi notkun: Ekki í notkun en verið að gera upp



Vatneyrarbúðin fyrir miðja síðustu öld.



Vatneyrarbúðin 2018.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | | |

## Saga

Árið 1912 hófst undirbúningur að smíði nýrrar búðar Milljónafélagsins á Vatneyri þar sem gamla sölubúðin var löngu úr sér gengin. Viðir voru keyptir frá Ólafsvík úr húsi Einars Markússonar kaupmanns en verslunarinnréttingar komu frá Reykjavík og var húsið 15 x 14 álnir að ummáli. Smíði hússins lauk 1916 en þá hafði Ólafur Jóhannesson eignast Vatneyri.
Í húsinu var verslun, vörugeymsla og skrifstofur þaðan sem fyrirtæki Ólafs og síðar sona hans, Vatneyrarbræðra, var stjórnað.
Litli kvisturinn var settur á húsið þegar sjóflug byrjaði til Patreksfjarðar og var hann með fjarskiptatækjum. Vindátt var tekinn af flaggstönginni.
Þegar Vatneyrarfyrirtækin hættu rekstri stóð búðin eftir með öllum inréttingum og gögnum. Þegar uppgerð á búðinni hófst undir leiðsögn Húsafriðunarnefndar voru munir og innréttingar settar í geymslu. Endurbótum og viðhaldi að utan var lokið fyrir um það bil 8 árum en bið hefur verið á að framkvæmdum að innan ljúki.
Vatneyrarbúðin var friðlýst þann 10. nóv. 2014 og vóg þar þungt samhengi við önnur atvinnuhús í næsta nágrenni, smiðju-salthúss, pakkhúss o.fl.
Vatneyrarbúðin, ásamt innanstokksmunum, hefur ótvírætt varðveislugildi sem vitnisburður um atvinnusögu Patreksfjarðar. Ennfremur er húsið sjálft einstakt og á ekki sinn líka á Patreksfirði.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Húsið er kórónan í samfeldri röð húsa frá lokum 19. og byrjun 20. aldar og er einstakkt í götumynd og ásýnd Vatneyrar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsið mun verða ásamt innanstokksmunum, þegar þeim verður komið aftur komið fyrir, einstakur vitnisburður um sögu verslunar og útgerðar á Patreksfirði og landsvísu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af óvenjuvel varðveittri heild húsa sem tengjast verslunar- og útgerðarsögu Patreksfjarðar frá lokum 19. aldar og fram yfir miðja síðustu öld. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið óbreytt frá upphafi og allar innréttingar eru til í geymslu og er ætlunin að þær verði settar upp aftur. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið ófrágengið að innan og fer að koma að reglulegu viðhaldi að utan. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið var miðstöð Vatneyrarfyrirtækjanna og er hluti af óvenjulega vel varðveittri heild húsa sem bera atvinnusögu verslunar og útgerðar á Vatneyri vitni. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðlýst hús - blár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1920** Aðalstræti 1 a Gamla Bakaríið

Fyrsti eigandi: Ólafur Jóhannesson
Hönnuður: Ó. F. Ólafsson

Upphafleg notkun: Brauðgerðarhús
Núverandi notkun: Íbúð



Gamla bakaríið fyrir 1946.



Aðalstræti 1a, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Inngönguskúr (bíslag) |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1930 | Byggt hæð ofan á húsiið úr timbri. Jugendgluggar. | Ó. F. Ólafsson, |

## Saga

Húsið upprunalega byggt sem brauðgerðarhús af Ólafi Jóhannessyni. Húsið var í upphafi steinsteypt einnar hæða hús og er óvíst um byggingarár. Í júní 1929 eru lagðar fyrir nýskipaða bygginganefnd, (sett á fót 1928), teikningar af húsinu undirritaðar Ó F. Ólafssyni og er þar sótt um að byggja hæð úr timbri ofan á bakaríið. Bjuggu eftir það bakarar með fjölskyldu á efri hæð en bakaríið var niðri. Ó. F. Ólafsson er að öllum líkindum Ólafur Finnbogi Ólafsson járnsmiður á Patreksfirði f. 26,6,1897 og d. 30,5,1980.
Timburhús á steynsteyptri neðri hæð, Timurtröppur voru á framhlið upp á svalagang sem náði eftir endilangri norðvesturhlið þar sem gengið var inn í íbúðina. Skreytistílsgluggar eru á teikningum.
Húsið hefur verið einangrað að utan, efri hæð klædd báru og neðri steni, og sitja því gluggar innar en áður. Inngangsskúr og steyptar tröppur eru seinni tíma.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Húsið var í upphafi, (þ.e. fullbyggt 1930), einfallt timburhús á steyptri neðrihæð í góðum hlutföllum með jugendgluggum en því miður hafa seinni tíma breytingar rýrt listrænt gildi hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Eitt af húsum Vatneyrarverslunarinnar. Brauðgerðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hefur, í samhengi við önnur hús Vatneyrarverslunarinnar, hátt umhverfisgildi. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Seinni tíma breytingar hafa veikt gildi hússins, en eru afturkræfar. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er haldið vel við en skort hefur á leiðbeiningar við breytingar. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Samhengi við önnur hús Vatneyrarverslunar eykur varveislugildi hússins. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1893** Aðalstræti 3 Gamla Símstöðin

Fyrsti eigandi: Sigurður Bachman
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Bílaverkstæði



Mynd tekin fyrir 1907 - Húsið til vinstri,



Aðalstræti 3, 2017.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | Viðbygging | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | Kvistur | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin í múr | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Ris<br>Viðbygging | | |

## Saga

Húsið reist 1893 af Páli Færeyingi og stóð það þá neðan Oddahúsanna, neðst allra húsa á Vatneyrarodda. Þegar P.J. Thorsteinsson & Co keypti verslunarstaðinn var Páli gert að flytja húsið í burtu. Ætlunin var að flytja það upp á svokallaða Klampenborgarlóð en eekki náðist að flytja það nema 3 lengdir sínar. Keypti þá verslunin húsið af Páli og kom því fyrir neðan Faktorshússins (Ólafshús). Ólafur Jóhannesson faktor bjó í húsinu til 1899 er hann flyst í næsta hús (Ólafshús).
Halldór Bjarnason sýslumaður býr í húsinu 1899- 1905 en þá flyst í það Benedikt Sigmundsson verslunarmaður. Í áföstum skúr, (byggður uppúr 1907), við húsið var íbúð formanns Milljónafélagsins þar sem hann bjó á yfirlitsferðum til Vatneyrar.
Húsið verður síðan símstöð og íbúð símstöðvarstjóra.
Upphaflega var húsið án kvists en þegar símstöðin kom í húsið var skúr byggður á suðausturhlið (götuhlið) þar sem nú er kvistur. Sími var í skúrnum og biðstofa fyrir viðskiptavini, en komið var með svokallaða kvaðningu til fólks, sem ekki hafði síma, þar sem sagði hvenær það ætti að mæta til að taka við símtali.
Umdanfarin ár hefur verið bifreiðaverkstæði í húsinu með innkeyrsludyrum á suðvesturgafli, stór hluti þakhæðar hefur verið fjarlægður til að pláss sé fyrir bílalyftu og fyllt hefur verið upp i kjallara, Nýlega flutti verkstæðið úr húsinu og er nú ætlunin að gera það upp sem næst upprunalegri mynd og nýta það til íbúðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Húsið var í upphafi einfalt timburhús af dansk- íslenskri gerð í góðum hlutföllum. Endurheimta má upprunalegt útlit hússins að miklu leit við uppgerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af upprunalegri byggð, elsta húsið á eyrinni. Faktorshús, sýslumannshús og símstöð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í samfeldri röð timburhúsa á eyrinni sem er ásýnd Vatneyrar þegar komið er í þorpið. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Byggður hefur verið kvistur á götuhlið og viðbygging við norðausturgafl. Gluggar eru án faga og nýrri gluggar ekki smíðaðir í samræmi við upprunalega. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Kjallari hefur verið fylltur upp og plata steypt yfir timbugólf. Gólf rishæðar hefur veri rofið til að fá rými fyrir bílalyftu. Stór innkeyrsluhurð er á suðvesturgarli. . |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið hefur sem hluti af þeirri heild sem enn er varðveitt á Vatneyri hátt varðveislugildi. |
| Verndarflokkar: | | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti |

**Byggingarár: 1896** Aðalstræti 5 Ólafshús

Fyrsti eigandi: Sigurður Bachmann
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Þjónusta / Íbúð



Faktorshúsið, til hægri, í byrjun síðustu aldar.



Óafshús 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin í múr | Hlaðin í múr |
| Útlit: | Portbyggt<br>Ris<br>Einlyft<br>Reykháfur<br>Kvistir | Einlyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

2016 Húsið gert upp og fært nær upprunalegu útliti.

**Hönnuðir breytinga:**

Gunnlaugur Björn Jónsson, Arkitekt

## Saga

Eftir að hafa misst íbúðarhús sitt í bruna í desember 1892, lét Sigurður Bachmann, kaupmaður á Vatneyri, reisa nýtt íbúðarhús. Húsið er 21 alin á lengd og 15 álna breytt, og sá Gunnar Bachmann um smíðina. Bygging hússins og endurbygging verslunarhúsa sem einnig brunnu var Sigurði ofviða og selur hann Pétri Thorsteinsyni verslunarstaðinn og jörðina Vatneyri 1896. Þá flytur Ólafur Jóhannesson, faktor Péturs, í húsið og býr þar til dauðadags.
Til eru teikningar af viðbyggingu við húsið, gerðar af Finni Ó. Thorlaciusi, þar sem gert var ráð fyrir allmiklu stærra tveggja hæða húsi með tveimur barrokgöflum sem áttu að vera við sitthvorn enda núverandi húss þvert á núv. gafla.
Á eyrinni bakvið húsið var Vatneyrartún og hafði Ólafur þar fjós og hlöðu.
Húsið var orðið illa farið þegar núverandi eigendur keyptu það og er sagt að búið hefði verið að lofa slökkviliðinu húsinu til æfinga.
Talsverðar breytingar hafa verið á húsinu í gegnum tíðina en við uppgerð hússins hefur verið leitast við að færa húsið sem næst uppruna.
Undanfarið hefur verið unnið að uppgerð hússins og er henni lokið að utan. Kom í ljós þegar skipt var um bárujárn á útveggjum heillegur láréttur, strikaður og plægður panill sem mun vera upphafleg klæðning.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Húsið á ekki sinn líka á Vatneyri með skrautfjölum yfir gluggum og konsúlum. Æskilegt væri að friðlýsa húsið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsið var lengst af heimili Ólafs Jóhannessonar og fjölskyldu hans Ólafur var faktor Péturs Thorsteinssonar og síðan Milljónafélagsins en eignast Vatneyrarverslunina eftir gljaldþrot þess. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er einstakt í samfeldri röð húsa frá lokum 19. og byrjun 20. aldar og er mikilvægt í götumynd og ásýnd Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur verið fært gert upp og fært í nánast upprunalegt horf. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Gert hefur verið við burðarvirki hússins, báruklæðning endurnýjuð og nýir gluggar smíðaðir í upprunalegri mynd. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið stendur á gömlu verslunarlóðinni og er einstakt í byggingarsögulegu samhengi á Vatneyri. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1927** Aðalstræti 7 Garðarshús

Fyrsti eigandi: Garðar Ó. Jóhannesson og Lára Hildur Proppé
Hönnuður: Einar Erlendsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Garðarshús með gaflskrauti - 1928.



Garðarshús 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur | | |

## Saga

Húsið byggt árið 1927, teiknað af Einari Erlendssyni fyrir Garðar Ó. Jóhanneson og konu hans, Láru Hildi Proppé sem einnar fjölskyldu hús. Garðar var einn af Vatneyrarbræðrunum svonefndu sem tóku við fyrirtæki föður síns, Ólafs Jóhannesonar, við lát hanns árið 1936.
Húsið var að hluta byggt úr viðum húss sem stóð við Strandgötu 5.
Á gaflhyrnum hússins var upphaflega skrautverk sem var fjarlægt vegna vindgnauðs. Gluggar voru upphaflega í skreytistíl en fög hafa verið fjarlægð og glerlistar komið í stað linoleumkíttis.
Segja má að húsið sé eitt af síðustu bárujárnssveitser húsunum með skrautstílsívafi.
Árið 1982 er samþykkt tillaga, frá Páli V. Bjarnasyni arkitekt, sem gerði ráð fyrir að skrautverk á gaflyrnum yrði sett aftur á húsið og andyri yrði bygggt á bakhlið.
Tillaga þessi komst ekki í framkvæmd.
Árið 1986 sækir þáverandi eigandi, Einar Jónsson, um að fá að flytja húsið á lóð í Hafnarfirði þar sem honum hafði ekki tekist að selja húsið. Ef af þessu hefði orðið hefði myndast stórt skarð í ásýnd Vatneyrar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Húsið hefur mikið gildi sem sveitserhús á Vatneyri. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Tengist sögu Vatneyrarverslunar. Garðar sem húsið er kennt við var sonur Ólafs Jóhannessonar, einn Vatneyrarbræðra. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Sveitserhús í samfeldri röð timburhúsa frá lokum 19. og byrjun 20. aldar og er mikilvægt í götumynd og ásýnd Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur, eins og algengt er um sveitserhús, tapað nokkru af skrauti sínu en stendur eftir sem áður sterkt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af ásýnd eyrarinnar og þeirri heild sem enn er varðveitt á Vatneyri. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1928** Aðalstræti 9 Jóhannshús

Fyrsti eigandi: Jóhann Pétursson og Elín Bjarnadóttir
Hönnuður: Þorl. Ófeigsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Jóhannshús fremst á myndinni, 1960-70.



Aðalstræti 9, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Gaflsneitt þak | Gaflsneitt þak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Útitröppur<br>Kjallari | | |

## Saga

Húsið var Hannað af Þorláki Ófeigssyni og byggt árið 1928 fyrir Jóhann Pétursson togaraskipstjóra og frú. Ólafur konsúll Jóhannesson fór með umboð Jóhanns skipstjóra í samskiptum við nýskipaða byggingarnefnd og átti í talsverðum útistöðum við hana. Fór Ólafur fram á að taka gaflsneiðingu af á þeim forsendum að "beinir gaflar séu fallegri og illt sé að ganga svo frá gluggum á gaflsniðinu að ekki leki". Svar nefndarmanna var: "Nefndin lítur svo á að útlit hússins verði ljótara við breytingu þá, sem um er beðið og synjar því um leyfi til þessarar breytingar". Fleiri útistöðum átti Ólafur í og enduðu samskipti hans við nefndina á því byggingarnefnd taldi að hún "gæti ekki látið hjá líða að víta viðkomanda fyrir framkomu hans". Samkvæmt upprunalegum teikningum voru skreytistílsgluggar í húsinu og tveir stórir gluggar á 1. hæð austurgaflis sem ekki voru gerðir, en það var ein af þeim breytingum sem Ólafur fór fram á og fékk samþykkt með því skilyrði að kjallaragluggar yrðu fluttir til samræmis. Ólafur lét það hjá líða að flytja kjallaragluggana og hlaut fyrir það vítur bygginganefndar. Þessi afstaða fyrstu bygginganefndarinnar er eitt af þeim dæmum sem eru um hve alvarlega nefndin tók starfi sínu en nefndin var skipuð samfara því að ný byggingarsamþykkt tók gildi árið 1928.

Húsið var ásamt Garðars- og Ólafshúsi eitt af "betri borgara" húsum Vatneyrar þar sem fjölskyldur bjuggu með þjónustustúlku. Húsið á sér samsvörun í dönskum einbýlishúum og húsum sömu gerðar í höfuðstaðnum frá sama tíma.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Hefur gildi sem sérstakt hús á Vatneyri - eitt af tveimur gaflsneiddum húsum á Vatneyri. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hús togaraskipstjóra. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hús í samfeldri röð timburhúsa frá lokum 19. og byrjun 20. aldar og er mikilvægt í götumynd og ásýnd Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið að mestu upprunalegt en hefur fengið aukaskraut, hornsúlur, skrautfjalir ofan við glugga, konsúlur o.fl. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af ásýnd eyrarinnar og þeirri heild sem enn er varðveitt á Vatneyri. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1906** Aðalstræti 11 Stínihús

Fyrsti eigandi: Ingólfur Kristjánsson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Stínuhús á 6. áratug síðustu aldar.



Aðalstræti 11, 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2015 | Stækkun bíslags og nýir gluggar í upprunal. mynd | Gunnlaugur Björn Jónsson, Arkitekt |

## Saga

Húsið sem kennt er við Kristínu Þorgrímsdóttur. er nánast óbreytt frá upphafi. Skorsteinn hefur verið fjarlægður og bíslag stækkað Aðalstræti 11 var reist árið 1906 af Ingólfi Kristjánssyni og konu hans Elísabetu Jónsdóttur, eignuðust þau þrjú börn. Ingólfur var fyrsti skólastjóri barnaskólans á Patreksfirði og gegndi því starfi árin 1900-1908. Árin 1908- 1915 var hann sýsluskrifari og fulltrúi sýslumanns ásamt því að vera fyrsti hreppstjóri Patrekshrepps árin 1907-1915. Árið 1910 kemst húsið í eigu Ólafs Sigurðssonar stýrimanns og konu hans Þórdísar Guðmundsdóttur. Tóku þau tvö börn í fóstur Þórdísi Magnúsdóttur og Hallgrím Jónsson "Halla Dísu". Þórdís deyr árið 1949 og Ólafur 1953. Árið 1949 er gerður grunnleigussamningur milli Verzlunar Ó. Jóhannessonar h.f Vatneyri og Ólafs Sigurðssonar þar sem þeir fyrrnefndu selja Ólafi leigugrunn undir húseign hans ásamt lóð kringum húsið, samtals 298 fm.
Sama ár gera Ólafur og Sigurður Bachmann Jónsson húsasmiður með sér kaupsamning um kaup Sigurðar á húsinu. Átti eignin að greiðast upp á fimm árum. Bjó Ólafur hjá þeim Sigurði og Kristínu Þorgrímsdóttur konu hans, það sem hann átti eftir ólifað, enda var þess sérstaklega getið í kaupsamningnum að Ólafur fengi hjá þeim skjól, "eitt herbergi ásamt ljósi og hita, svo og fæði og þjónustu, fyrir sérstakt gjald á ári, samkvæmt sérstökum samningi þar um milli aðila". Sigurður og Kristín eignuðust ekki börn en ólu upp systurdóttur Kristínar, Auði Valtýsdóttur, seinna Audur Gallagher. Kristín lést árið 1998, töluvert á eftir Sigurði manni sínum.
Undanfarið hefur verið unnið að uppgerð hússins og er henni nú að mestu lokið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Gott dæmi um einfalt bárujárnshús í góðum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús - Hluti af upphaflegri byggð á Vatneyri. Eitt af fáum alþýðuhúsum frá byrjun síðustu aldar sem enn standa. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af götumynd Aðalstrætis, samfeldri röð timburhúsa, og ásýnd Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið nánast óbreytt frá upphafi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið hefur nýlega verið gert upp að utan og gluggar endursmíðaðir í upprunalegri mynd. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vel varveitt alþýðuhús fra byrjun síðustu aldar í samfeldri röð tímburhúsa. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1900** Aðalstræti 13 Vesturljós

Fyrsti eigandi: Magnús Jóhannsson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð / Verslun



Húsið fyrir miðju, u.þ.b. 1960




Aðalstræti 13, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Trapisustál |
| Þakgerð: | Brotaþak (mansard) | Brotaþak (mansard) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin í múr | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Viðbygging<br>Ris<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1956 | Bílskúr | Ókunnur, |
| | Kvistur | Ókunnur, |
| 1950 | Ný klæðning | Ókunnur, |

## Saga

Byggt af Magnúsi Jóhannessyni skósmið. Magnús var með skóvinnustofu í hluta af hæðinni en íbúð hans var í hinum hlutanum og á þakhæðinni.
Á þessum tíma var mikil þörf fyrir skósmíðar, smíða þurfti öll stígvél fyrir sjómenn og kendi Magnús mörgum skósmíði.
Magnús fór síðan út í verslunarrekstur og var þá aðalhæðin að mestu nýtt sem verslun og Magnús eftir það titlaður kaupmaður.
Síðan þá hefur margskonar verslunar- og þjónustustarfsemi verið í húsinu m.a. raftækjaverslun og flugafgreiðsla. Nú er rekin þar málningarverslun en íbúð er á þakhæð.
Bílskúr og kvistur á bakhlið er seinni tíma.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Eina húsið með brotaþaki á Patreksfirði og myndi sóma sér vel ef það yrði fært nær uppruna. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Húsið í upphafi byggt sem íbúð, verkstæði og verslun og gegnir enn því hlutverki. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið ásamt Stínuhúsi (nr 11) eru einu alþýðuhús "Kambshverfisis" sem eftir eru frá byrjun síðustu aldar. Í samfeldri röð timburhúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur verið klætt með trapisustáli og einangrað að utan. Þak hefur verið framlengt út yfir gafla. Gluggar eru að mestu upprunalegir en sitja innar þar sem klæðning hefur færst út. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðir húsins í góðu ástandi en glugga og klæðningu þarf að endurnýja. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Alþýðuhús fra byrjun síðustu aldar í samfelldri röð tímburhúsa. Eina húsið sem eftir er á Vatneyri með brotaþaki. Seinni tíma breytingar eru afturkræfar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1914** Aðalstræti 15 Kristinshús

Fyrsti eigandi: Kristinn Ó. Jóhannesson

Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Kristinshús, u.þ.b. 1960



Aðalstræti 15, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Forskalaðir utan á bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Kjallari | Ris<br>Tvílyft<br>Svalir<br>Útitröppur<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 1928 Byggð hæð ofan á húsið | Jón Ingibjörn Jónsson, Smiður |

## Saga

Samkvæmt gömlum myndum og korti frá 1914 er húsið upphaflega byggt ekki seinna en 1914, ein hæð á kjallara með lágu risi. Á öðrum fundi nýstofnaðar bygginganefndar, 20. Apríl 1928, er lögð fram umsókn frá Kristni Ó. Jóhannessyni um leyfi til að byggja hæð ofan á húsið og var umsóknin sú fyrsta sem nefndin tók fyrir. “Fylgdi umsókninni einrituð teikning af útliti hússins á götuhlið og öðrum gafli eins og húsið skal líta út eftir breytinguna.” Lagði formaður nefndarinnar fram umsögn byggingafulltrúa um teikninguna, sem hann taldi algerlega ófullnægjandi og vera ógerlegt að hafa eftirlit með byggingunni eftir teikningunni, samkvæmt byggingarsamþykktinni. En þar sem umsókn þessi kom fram að heita mátti samtímis að byggingarsamþykktin öðlaðist gildi, og menn því algerlega ókunnir samþykktinni og hvernig teikningar skuli vera, þá samþykkti nefndin að veita byggingaleyfi, þrátt fyrir galla á umsókn og teikningun. Hinsvegar setti nefndin fram það ítarleg skilyrði, í átta liðum, fyrir samþykktinni að kalla mætti nefndina hönnuði hússins. Var byggingarfulltrúasíðan falið að hafa eftirlit með því að skilyrðin yrðu uppfyllt. Að lokinni umfjöllun um málið var eftirfarandi tillaga samþykkt: “Teikningar eins og þær sem hér liggja fyrir, tekur nefndin ekki til greina framvegis”.

Húsið er timburhús og var klætt bárujárni, krosspóstagluggar voru á 1. hæð en T-póstar á efri og hæðarskilslisti er umhverfis húsið. Árið 1970 var húsið múrhúðað að utan (forskalað), augnstungið og faldar sökkulbretti og hæðaskilsband fjarlægt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Húsið myndi sóma sér vel í götumynd ef það yrði fært nær uppruna - bárujárnsklæðning, gluggar og hæðaskilslisti. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hús Kristins Ó. Jóhannessonar en hann var einn hinna svokölluðu Vatneyrarbræðra. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er mikilvægt í samfeldri röð timburhúsa í götumynd Aðalstrætis. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Forn hússins óbreytt frá 1928 en ytra byrði breytt - forskalning og gluggar. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið forskalað á bárujárn og augnstungið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af samfeldri röð timburhúsa sem enn er varðveitt á Vatneyri. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1944** Aðalstræti 17

Fyrsti eigandi: Jón Ingibjörn Jónsson
Hönnuður: Jón Ingibjörn Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Húsið í byggingu 1944


Aðalstræti 17, 2017.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Svalir<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Ris<br>Portbyggt<br>Svalir |

| **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|
| 1966 Þakhæð ca 1966 | |

## Saga

Áður stóð áður lítið timburhús á lóðinni sem Jón Ingibjörn bjó í. Samþykkt var að rífa timburhúsið og byggja nýtt hús "meint úr steinsteypu" á fundi byggingarnefndar 22. maí 1944. Um það bil 25 árum síðar er byggð þakhæð sem í var íbúð.
Húsið stendur í framhaldi af röð timburhúsa, meira í ætt við húsin á Túngötu, og gefur í skyn hvað koma skal þegar haldið er upp Aðalstræti. - Blanda af byggingameistafunkis og timburhúsum.
Á auðri lóð milli hússins og Aðalstrætis 21 stóð veitinga- og gistihúsið Fortuna.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Funkis með óvenjulegum útúrdúr - bogar undir svölum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús - Byggingameistarafunkis, samhengi við funkishverfið. Teiknað og byggt af smiði á staðnum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið í stærð og hlufölllum fer vel í götumynd. Þegar komið er lengra upp Aðalstræti verður einkenni götumyndar blanda af timbur- og funkishúsum. Á lóð nr. 19 stóð áður veitingahúsið Fortuna og mun |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Breyting á þaki - þakhæð. Að öðru leiti vel varðveitt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið að viðhaldi á skeljuðum múr. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Byggingameistarafunkis, hannað og byggt af smiði á staðnum. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1912**

# Aðalstræti 21

Fyrsti eigandi: Jón Þórðarson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Aðalstræti 21 á 4. áratug síðustu aldar.



Aðalstræti 21, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Útitröppur<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

Húsið einangrað að utan og klætt skarsúðsmótaðri stálklæðningu

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Timburhús á háum steyptum kjallara byggt 1910. Sagt er að efri hæðin, (timburhúsið), hafi verið flutt frá Stykkishólmi og sé hún því mun eldri en steypti hlutinn.Tvær íbúðir voru í húsinu.
Upphaflega klætt með bárujárni en síðar einangrað að utan, klætt með mótaðri stálklæðningu, (skarsúð), og gluggum breytt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Upphaflega einfalt alþýðuhús í góðum hlutföllum. Seinni tíma breytingar til lýta en afturkræfar. Verði húsið fært nær upprunalegu útliti - klæðning og einangrunargrind að utan fjarlægð, húsið klætt |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Aðalstrætis og hluti af timburhúsabyggð Vatneyrar. Á lóð nr. 19 stóð áður veitingahúsið Fortuna og mun bygging á lóðinni skipta miklu máli fyrir heildargötumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upphaflega klætt bárujárni en hefur verið einangrað að utan og klætt mótaðri stálklæningu (skarsúð). |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Einfalt alþýðuhús í góðum hlutföllum - seinni tíma breytingar afturkræfar. Mikilvægt í götumynd. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1912** Aðalstræti 23 Steihúsið

Fyrsti eigandi: Gísli Guðmundsson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð / Landbúnaður
Núverandi notkun: Íbúð



Steinninn á áttunda áratug síðustu aldar.



Aðalstræti 23, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Portbyggt<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Viðbygging | Tvílyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Viðbygging<br>Portbyggt<br>Kvistir |

**Helstu breytingar:**

**Hönnuðir breytinga:**

1950 Inngangur jarðh. færður í viðb. á bakhlið. Tröppur og anndyri 1. h. í

## Saga

Húsið Byggt 1912 sem tveggja íbúða hús og er það í dag elsta steynsteypta íbúðarhús Vatneyrar. Húsið hafði upphaflega tvo skorsteina sem hafa verið fjarlægðir. Inngangur jarðhæðar var á miðri götuhlið fram til ca 1952 en var þá færður á bakhlið samhliða þvi að tröppur og anddyri efri hæðar voru byggð. Framan af var kýr höfð í húsinu á jarðhæð en fleiri dæmi eru um að neðstu hæðir húsa væru notuð fyrir skepnur má þar t.d. nefna Veðramæti, (Aðalstræti 77a).

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Reisulegt steinsteypt hús frá byrjun síðustu aldar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús. Elsta steinsteypta hús Vatneyrar og sem slíkt mikilvægt í byggingasögu Vatneyrar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Aðalstrætis. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Að mestu upprunalegt nema skorsteinar fjarlægðir og fög vantar í glugga. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Elsta steinsteypta húsið á Vatneyri áberandi í götumynd og mikilvægt í byggingasögu Vatneyrar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1943** Aðalstræti 6 Ásmundarbúð

Fyrsti eigandi: Ásmundur B. Olsen

Hönnuður: (Ingi Kristjánsson)

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun

Núverandi notkun: Íbúð / Verslun



Ásmundarbúð á 7. áratug síðustu aldar.



Aðalstræti 6, 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Málað yfir skeljun |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Mótaðar málmplötur |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Svalir | Tvílyft<br>Svalir |

**Helstu breytingar:**

Stallað stál á þaki og rennur færðar úr fyrir steypta rennu.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið byggt og hannað af Inga Kristjánssyni húsasmíðameistara fyrir Ásmund B. Ólsen kaupmann. Teikningar samþ. í byggingarnefnd 15. júní 1942. Ásmundur rak verslun á fyrstu hæð og flugafgreiðslu frá árinu 1965. Á efri hæð var íbúð Ásmundar. Innskot var á götuhlið fyrir miðju húsi þar sem gengið var inn í búðina. Þetta skot varð samkomustaður unglinga og kallað hreiðrið eða ástarhreiðrið. Nú hefur hurðin verið færð utar og í dag er apótek á jarðhæð.
Stallað stál hefur verið sett á þak og kantur færður út fyrir steypta rennu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Eitt af veglegri funkishúsum við Aðalstræti. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Byggt sem verslun með íbúð á efti hæð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið mikilvægt í götumynd og hluti af vísi að miðbæ á Vatneyri. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Þak fært út fyrir steyptar rennur kantur klæddur og þak með stölluðu stáli. að öðru leiti upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Gott viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Veglegt byggingameistarafunkishús með svölum, hannað af smiði á staðnum og byggt í samræmi við skipulag Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1866** Aðalstræti 25 Pálshús

Fyrsti eigandi: Christian M. Steenbach
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð / Frístundir/sumarhús



Litla Klampenborg á 4. áratug síðustu aldar.



Aðalstræti 25, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Múrsteinslíki |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Rennisúð - tillgáta | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin í múr | Hlaðin í múr |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kjallari<br>Ris | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Portbyggt |

**Helstu breytingar:**

| | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|
| 1912 | Ris með háu porti. | |
| 1940-50 | Húsið múrað að utan, (forskalað). | |

## Saga

Húsið er reist fyrir 1866 og átti það Steenbach sem var síðasti danski kaupmaðurinn á Vatneyri. Hann ánafnaði húsið Andríu Ásgeirsen frænku sinni , árið 1869. Byggingarár samkvæmt fasteignamati er 1912, en samkv. gömlum myndum líklega það ár sem byggð er hæð ofan á húsið. Upphaflega var húsið ein hæð á, hlöðnum kjallara, með lágu risi og líklega verið með timburklæðningu en síðar klætt bárujárni. Síðan hefur húsið verið hækkað augnstungið og múrhúðað og seinna einangrað að utan, klætt með múrsteinslíki og kvistir setttir á þak. Húsið mun vera að stofni til það elsta á Vatneyri.
Húsið stóð á svokallaðri Klampenborgarlóð en Sigurður Bachmann undanskildi lóðina við sölu Vateyrar til Péturs Thorsteinssonar ártið 1896. Sigurður reisti síðan annað stærra timburhús á lóðinni sem hann nefndi Klampenborg og var þá farið að kalla húsið Litla Klampenborg til aðgreiningar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Seinni tíma breytingar mjög til lýta, en að mestu afturkræfar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Elsta íbúðarhús Vatneyrar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Aðalstrætis og hluti af timburhúsabyggð Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Einangrunargrind og klæðning að utan ásamt gluggabreytingu og kvistum til lýta. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Sem elsta hús Vatneyrar er húsið með hátt varðveislugildi. Ennfremur mikilvægt fyrir götumynd. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1936** Aðalstræti 8 Ingólfsbúð

Fyrsti eigandi: Kristinn Á Kristjánsson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Ingólfsbúð á 9. áratug síðustu aldar.



Aðalstræti 8, 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur - málað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Hornsneitt<br>Viðbygging |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1959 | Viðbygging á einni hæð við suðurhlið. | Gunnar B. Guðmundsson, |
| 1969 | Byggð hæð ofná viðbyggingu og húsið stækkað, á tveimur hæðum í vestur. | Gunnar Hansson, Arkitekt |

## Saga

Kristinn Á Kristjánsson (netagerðarmaður?) lét reisa húsið og hafði íbúð á efri hæð en á neðri hæð bjuggu sjómenn og þar var einnig mjólkurbúð. Byggingarleyfi var veitt 18. maí 1936.
Elstu teikningar (ódagsettar og óundirritaðar) sýna húsið með tveimur íbúðum og án hornsneiðingar sem mun hafa komið þegar neðstu hæð var breytt í verslun. Hornugluggar voru beggja vegna á suðurhlið á báðum hæðum. Árið 1936 veitir bygginganefnd Kristjáni leyfi til að setja útidyr á norðausturhorn.
Ingólfur Arason kaupir síðan húsið og rak hann verslun á neðri hæð en bjó á efri hæðinni en við hann er húsið kennt.
Húsið var byggt sem hornhús en Ingólfur byggir við það við það í tveimur áföngum, fyrst byggt við meðfram götu í átt að Strandgötu og síðast byggt við bakvið hús.
Í dag er húsið verbúð fyrir fiskeldisstarfsmenn.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Húsið, með viðbyggingu Gunnars Hanssonar, samsvarar sér þokkalega. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Eitt af verslunarhúsum "miðbæjarins". |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Áverandi í götumynd, hornhús. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upphaflega byggt sem íbúðarhús en byggt við það í tveimur áföngum. Hraunað i upphafi en nú málað. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið að viðhaldi að uta. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið eitt af mörgum funkishúsum sem byggð voru eftir skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1929** Aðalstræti 10 Jósepshús

Fyrsti eigandi: Jósep Guðjónsson og Guðbjörg Þórðardóttir
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Jósepshús u.þ.b. 1980.



Aðalstræti 10, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Portbyggt<br>Reykháfur | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Portbyggt | | |

## Saga

Íbúðarhús kennt við fyrsta eiganda Jósep Guðjónsson. Húsið eitt af yngri timburhúsum Vatneyrar en hefðbundin timburhús voru byggð langt fram á fjórða áratuginn á Patreksfirði. Á tímabili var rekin greiðasala í húsinu og sóttu þangað mikið færeyskir sjómenr sem voru fjölmennir í áhöfnum togara Vatreyrarbræðra. Seinna var húsið nýtt sem verbúð.
Húsið óbreytt fyrir utan seinni tíma gluggabreytingar, líður fyrir hækkun götu eins og önnur hús í Hólsbrekkunni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt timburhús hús frá þriðja áratugnum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús - Byggingarhefð á staðnum í lok þriðja áratugarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er fyrst í samfeldri röð fjögurra timburhúsa í Hólsbrekkunni og mikilvægur hluti götumyndarinnar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Vantar fög í glugga og gluggum á götuhlið breytt. Að öðru leit upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Gangstétt hefur verið steypt upp að útvegg og gluggar á götuhlið styttir. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Eitt húsa í samfeldri röð timburhúsa í Hólsbrekkunni og hefur í því samhengi hátt varðveislugildi. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðmundur Ólafur Þórðarson og Anna

Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Hóll 1916-20.



Aðalstræti 14, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Ris<br>Útitröppur |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 1957 Hafnarfjarðarkvistur á suðurhlið. | Guðjón Jóhannesson, Smiður |

## Saga

Hóli tilheyrði Hólstún þar sem Guðmundur Þórðarson hafði fjós. Guðmundur var mikilsmetinn og var hreppsnefndarmaður til margra ára.

Árið 1910 er húsið sagt vera 6 herbergja timburhús með 9 íbúum, sagt reist 1908 og virt á 3000 krónur. Húsinu tilheyrðu útihús og svokallað Hólstún.

Hár steinsteyptu kjallari er á húsinu og voru upphaflega tvær íbúðir í því en við breytingu 1957 er þriðju íbúð bætt við á þakhæð.

Húsið var upphaflega með bárujárni og krosspóstagluggum en er nú með lóðréttum kúlupanil og breyttum gluggum. Kvistur á húsinu seinni tíma (1957) fyrirbrigði.

Húsið hefur verið mælt upp og gerð tillaga að endurbótum þar sem gert er ráð fyrir að húsið færist nær uppruna. Endurbætur eru hafnar og hafa gluggar á suðurhlið kjallara verið smíðaðir í upprunalegri mynd.

Húsið hefur sem elsta húsið í Hólsbrekkunni og hluti af þeirri heild sem húsaröðin er.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Húsið líður fyrir kvist, klæðningu og gluggabreytingu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húið er það elsta í Hólsbrekkunni og með byggingu þess fer byggðin að teygja sig í átt að Geyrseyri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er það þriðja í samfeldri röð fjögurra timburhúsa í Hólsbrekkunni og mikilvægur hluti götumyndarinnar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið líður fyrir kvist, klæðningu og gluggabreytingu. En samfara eðlilegu viðhaldi gæti húsið komið til sjálfs síns. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Kúlupanesklæðning, breyttir gluggar og kvistur. Allt þó afturkræft. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Elsta húsið í samfeldri röð timburhúsa í Hólsbrekku sem kend er við húsið. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1929** Aðalstræti 16 Dallahús

Fyrsti eigandi: Daníel Hansen og Sigríður Ólafsdóttir
Hönnuður: Davíð Jóhannes Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Dallahús 2011.



Dallahús 2017, unnið að uppgerð.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 1939 Steyptar útitröppur | Ókunnur, |

## Saga

Reist af Daníel P. Hansen, sem átti færeyska móður og norskan föður, og konu hans Sigríði Ólafsdóttur. Í húsinu voru tvær íbúðir o var kjallaraíbúð leigð út. Teikningar, undirritaðar af Davíð Jónssyni og voru samþykktar á fundi byggingarnefndar 21 ágúst 1928.
Húsið er byggt undir lok timburhúsatímabilsins og er einfalt alþýðuhús í góðum hlutföllum.
Húsið vel varðveitt, óbreytt að utan frá upphafi og er nú unnið við viðhald á ytra byrði.
Húsið er mikilvægt í götumynd Aðalstrætis, það síðasta og efsta í samfeldri röð fjögura timburhúsa í Hólsbrekku.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Einfalt alþýðuhús í góðum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Byggingarhefð á staðnum í lok þriðja áratugarins. Teiknað og byggt af smiði á staðnum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er efst, það fjórða og síðasta, í samfeldri röð fjögurra timburhúsa í Hólsbrekkunni og mikilvægur hluti götumyndarinnar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið óbreytt frá upphafi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Viðhaldvinna með uppruna að leiðarljósi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Einfallt alþýðuhús í góðum hlutföllum teiknað og byggt af smiði á staðnum. Í samfeldri röð timburhúsa í Hólsbrekku |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1935** Aðalstræti 27 Skjaldborg

Fyrsti eigandi: Sjálfstæðisfélagið Skjöldur
Hönnuður: Ó. F. Ólafsson

Upphafleg notkun: Samkomuhús
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Skjaldborg 1940.



Aðalstræti 27, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Eternit | Sementstrefjaplötur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Útitröppur<br>Kjallari | Tvílyft<br>Viðbygging<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1938 | Anddyri | Ókunnur, |
| 1944 | Viðbygging við anddyri. | Friðþjófur Jóhannesson, Kaup- og útgerðarmaður |
| 1981 | Viðbygging við anddyri á tveimur hæðum. | Finnur Fróðason , Innanhússarkitekt |

## Saga

Byggt af sjálfstæðisfélaginu Skildi sem samkomuhús og í húsinu var aðstaða Leikfélags Patreksfjarðar. Uppdrættir undirritaðir af Ó. F. Ólafssyni samþykktir af byggingarnefnd 1. maí 1934. Byggt var við húsið, að ofanverðu við miðjan gafl, steinsteypt viðbygging á súlum yfir aðalinngangi árið 1944.
Skjaldborg tekur við af Stúkuhúsinu sem var orðið ófullnægjani sem samkomuhús fyrir vaxandi bæ.
Haldnir voru dansleikir í húsinu og var haldið sérstaklega upp á 1.des. Á jólum og gamlárskvöld var opið hús fyrir alla.
Á stríðsárunum var veitingarsalur á efstu hæð. Gengið var inn frá Aðalstræti, þar sem voru útitröppur, og upp í salinn um snúningströppur. Eldhús var í kjallara og voru veitingar hífðar upp á aðra hæð. Staðurinn var fjölsóttur af hermönnum og breskum togarasjómönnum.
Veitingamaður var Guðjón Guðjónsson bakari frá Ísafirði sem síðar var með verslunina Kjöt og fisk.
Iðnaðarmannafélagið á Patreksfirði stofnaði iðnskóla árið 1942 og hafði skólinn aðsetur í litla salnum fyrstu árin.
Aðalsal hússins var síðan breytt í bíósal og var þá byggt við austurenda hússins, anddyri á 1.hæð og voru sýningavélar á 2.hæð.
Húsið er nú miðstöð heimildamyndahátíðarinnar Skjaldborgar jafnframt því sem þar eru vikulegar kvikmyndasýningar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Húsið hefur verið gert upp að utan og er gott dæmi um stórt samkomuhús úr timbri frá miðjum fjórða áratugnum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Samkomuhús og bíó. Skipar stóran sess í sögu og menningarlífi Patreksfjarðar. Virkt bíó í dag og uppistaðan í Skjaldborgarhátíðinni. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mjög áberandi og mikilvægur hluti götumyndar með heilstæðri röð upprunalegra ljósastaura. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur nýlega verið gert upp. Að mestu upprunalegt útlit fyrir utan að inngangur og trappa við götu eur horfin. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Menningarsögulegt gildi og götumynd Aðalstrætis. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1939** Þórsgata 2

Fyrsti eigandi: Oddgeir Magnússon og Andrés Guðmundsson | Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Jón Jónsson frá Flateyri | Núverandi notkun: Íbúð





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Þak fært út yfir steptan rennukant og kantur klæddur blikki. | Ókunnur, |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur - málað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin í múr | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | Einlyft<br>Útitröppur<br>Kjallari | | |

## Saga

Steinsteypt funkishús, samþykkt á fundi byggingarnefndar í maí 1939 byggt sem parhús. Húsið er eitt þeirra húsa á Patreksfirði sem voru hönnuð og byggð af Jóni Jónssyni húsasmíðameistara frá Flateyri. Jón Jónsson ólst upp á Rauðasandi og lærði húsasmíði hjá Finni Thorlacíus. Teikningar höfðu áður verið lagðar fyrir bygginganefnd í ágúst 1934 en á í september á sama ári fær Jón samþykktar teikningar af Urðargötu 7 sem er hefðbundið timurhús þar sem funkiahrifa er farið að gæta. Líkleg hefur hönnun hússins því breyst frá fyrstu teikningum í fullskapaðan byggingmeistarfunkis árið 1939.
Upphaflega steyptar rennur en þak hefur verið fært út fyrir þær og skeljaðir útveggir málaðir. Húsið að öðru leiti óbreytt

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur og heiðarlegur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Tveggja íbúða parhús, Húsið hannað og byggt af Jóni Jónssyni byggingameistara frá Flateyri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Málð yfir skeljaðan múr, sagað af steyptum rennukanti og þak fært út yfir. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið eitt af mörgum funkishúsum sem byggð voru eftir skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1943** Túngata 14

Fyrsti eigandi: Ólafur Árnason, Magnús Árnason og Erlendur
Hönnuður: Ingi Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hús og garður, 2018.



Túngata 14, 2018.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Steyptur skeljaður garðveggur.<br>Reykháfur<br>Tvílyft<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Útitröppur | | |

## Saga

Tveggja íbúða funkishús, hannað og byggt af Inga Kristjánssyni húsasmíðameistara á Patreksfirði en Ingi hannaði og byggði flest húsanna í funkishverfinu á Vatneyri. Uppdráttur Inga hefur varðveist dags. 5.4.1942.

Nánast óbreytt frá upphafi, bílskúr byggður 1960. Sérstakt við húsið að það er eina funkishúsið á Patreksfirði sem er (enn) með steypta girðingu við götu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Einfaldur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, hannað og byggt af Inga Kristjánssyni byggingameistara á Patreksfirði. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. Eina húsið sem enn hefur steypta giðingu við götu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Óbreytt en þak hefur verð fært út yfir steyptan rennukant. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið að viðhaldi á skeljuðum múr. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Funkishús byggt samkvæmt skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1945** Túngata 16

Fyrsti eigandi: Kristinn Jónasson og Sigríður Halldórsdótttir
Hönnuður: Ingi Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Túngata 16, 1955-60.



Túngata 16, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Steypt skyggni yfir útidyrum | Tvílyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2012 | Þak fært út yfir steptan rennukant og kantur klæddur blikki. | Ólafur Sæmundsson, Smiður |

## Saga

Tveggja íbúða funkishús, hannað og byggt af Inga Kristjánssyni húsasmíðameistara á Patreksfirð. Uppdráttur Inga dags. 23.4.1942. Nánast óbreytt frá upphafi nema rennur færðar út yfir kant.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, húsið hannað og byggt af Inga Kristjánssyni byggingameistara á Patreksfirði. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Óbreytt en þak hefur verð fært út yfir steyptan rennukant og hann klædur blikki. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið hefur nýlega verið endurskeljað. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Funkishús byggt samkvæmt skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1930** Urðargata 2 Friðþjófshús

Fyrsti eigandi: Friðþjófur Ó. Jóhannesson og Jóhanna
Hönnuður: Böhler-Stahlbau G.M.B.H.

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Húsið ekki í notkun.



Friðþjófshús 1930-40.



Urðargata 2, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Stálgrind | Stálgrind | Steynsteypt viðbygging | Sigurður Thoroddsen, Verkfræðingur |
| Útveggir: | Airoblikkplötur | Eldri hluti múrsléttaður og | | |
| Þakgerð: | Valmaþak "pagóðuþak" | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Þaksteinn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft | Tvílyft | | |
| | Kvistir | Einlyft | | |
| | Ris | Ris | | |
| | Reykháfur | Útitröppur | | |
| | Svalir | Viðbygging | | |

## Saga

Friðþjófur Ó. Jóhannesson sem húsið er kennt við var sonur Ólafs Jóhannessonar, (sjá Ólafshús) og rak hann Vatneyrarfyrirtækin ásamt bróður sínum Garðari (sjá Garðarshús) eftir að Ólafur lést árið 1936. Ólafur hafði sent Friðþjóf til verslunarnáms í Þýskalandi þar sem hann kynntist konu sinni Jóhönnu Svendsen. Heimkominn kaupir Friðþjófur húsið frá Þýskalandi og var ekki aðeins húsið nýstárlegt heldur garðurinn líka sem Jóhanna sinnti meðan hennar naut við.
Húsið er byggt í tveimur áföngum. Fyrst var byggð turnbyggingin sem var flutt inn frá Þýskalandi með öllu tilheyrandi, klæðningum að utan og innan, og öllum föstum innréttingum með tilheyrandi tækjum. Burðarvirkið er úr úr stáli og er þessi byggingarmáti á einbýlishúsi einstakur hér á landi. Í öðrum áfanga árið 1950 var byggð steypt einnar hæðar bygging á kjallara við húsið. Girðing með steyptum stöplum var við götu og standa stöplarnir enn.
Húsið stendur í miðjum bænum við torgið, sem áður var kallað skverið, og er eitt af mikilvægustu húsunum í bæjarmyndinni.
Húsið er orðið í mjög lélegu ástandi og brýn þörf á viðhaldi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Einstakt hús í byggingarsögunni - innflutt með öllu tilheyrandi 1930. Seinni tíma viðbygging fer þokkalega. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús eins Vatneyrarbræðra. Elsti hluti er stálgrindarhús flutt inn frá Þýskalandi 1930. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Eitt af mikilvægustu húsum Vatneyrar í miðju þorpsins. Lóð í hirðuleysi en vitnar um forna frægð. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upphaflega turnhús með seinni tíma funkisviðbyggingu. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið í niðurníðslu. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið ásamt garði og girðingu er verðugt varðveisluverkefni. Einstakt hús í miðju þorpsins. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1920** Vatneyri - Smiðjan Vélsmiðjan Sindri

Fyrsti eigandi: Ó. Jóhannesson & Co
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun:



Smiðjan fullbyggð



Tillaga að endurbyggingu á smiðju og salthúsi.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | |
| Þakgerð: | Valmaþak | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur | Einlyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1938 | Byggt við smiðjuna, húsið lengt og tengt Salthúsinu. | Ókunnur, |

## Saga

Elsti hluti smiðju er suðvesturendin. Síðan húsið lengt og byggð millibygging að salthúsi árið 1938.
Sjálf smiðjan er í þokkalegu ástandi og hefur verið unnið að endurbótum m.a. var þak norðausturenda endurbyggt árið 2016.
Eftir að starfsemi smiðjunar lauk stóð húsið ónotað í mörg ár en síðast var rekið kaffihús með tónleikastað í hluta hússins, svokallað Sjóræningjahús, og má segja að á þeim tíma hafi húsið í raun verið menningarhús Patreksfjarðar.
Millibygging og salthús voru að hruni kominn og var tekin sú ákvörðun árið 2015, í samráði við Húsafriðunarnefnd, að taka niður millibyggingu og stærstan hluta salthús. Þak millibyggingar sem hvíldi á salthúsi hafði sigið og ýtt steyptum útvegg út þannig að hann var að hruni kominn. Sá hluti salthúss sem enn stendur, steyptur milliveggur hélt þeim hluta saman, er upprunalegur og er ætlunin að varðveita hann en endurbyggja síðan þann hluta sem tekinn var niður í sömu mynd og upprunalegt hús. Ennfremur er ætlunin að gera hálfþak milli smiðju og salthúss í norðausturenda og steypa upp í op á útvegg millirýmis þannig að upprunalegt útlit verði á þeirri hlið. Tillögur hafa verið gerðar að þessari endurbyggingu og er beðið fjármögnunar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Stílhreint hús sem er mikilvægur hluti sögu og ásyndar Vatneyrar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Smiðja. Mikilvægur hluti sögu verslunar og útgerðar á Vatneyri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er hluti af óvenjuvel varðveittri heild húsa sem tengjast verslunar- og útgerðarsögu Patreksfjarðar frá lokum 19. aldar og fram yfir miðja síðustu öld. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Að mestu upprunalegt en bíður endurbyggingar þess hluta sem tengist Salthúsi. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Uppgerð hafin en í biðstöðu. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægur vitnisburður um atvinnu- verslunar- og útgerðarsögu Vateyrarverslunar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1927** Aðalstræti 12 Þórskaffi

Fyrsti eigandi: Kristmundur Björnsson

Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Þórskaffi, 2011.



Aðalstræti 12, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Hraunaðir og sléttir |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kjallari<br>Útitröppur |

**Helstu breytingar:**

Húsið forskalað á seinni hluta 5. áratugs síðustu aldar.

**Hönnuðir breytinga:**

Ókunnur,

## Saga

Kristmundur Björnsson lét byggja húsið og bjó þar með móður sinni Sigríði Ólafsdóttur. Í kjallara var íbúð sem leigð var út. Gísli Þór múrari bjó lengi í húsinu og var þar oft glatt á hjalla á hans yngri árum og var þá farið að kalla húsið Þórskaffi eftir þekktum skemmtistað í Reykjavík.

Húsið er timburhús á háum steyptum kjallara, forsakalað utan á bárujárn og virðast viðir í þokkalegu ástandi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Húsið líður fyrir klæðningu, (forskalningu). Einfalt og heiðarlegt hús frá þriðja áratugnum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús - Byggingarhefð á staðnum í lok þriðja áratugarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Annað húsið í samfeldri röð fjögurra timburhúsa í Hólsbrekkunni. Húsið sker sig úr, með minni þakhalla en hin húsin í brekkunni. Eftir sem áður mikilvægur hluti götumyndarinnar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er, að frátaldri forskalningu og gluggafögum, að mestu upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið forskalað, bárujárn undir. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Eitt húsa í samfeldri röð timburhúsa í Hólsbrekkunni og hefur í því samhengi hátt varðveislugildi. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1944** Aðalstræti 31 Ráðagerði

Fyrsti eigandi: Kristján Ólafsson og Vilberg Jónsson
Hönnuður: Ingi Krisjánsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Hótel



Ráðagerði og Vaggahús, 1950-60.



Aðalstræti 31, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Hraunað | hraunaðir og málaðr |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Reykháfur<br>Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1994 | Húsinu breytt í hótel. | Kristján Ragnarsson, Arkitekt |

## Saga

Húsið samþykkt í byggingarnefnd Patrekshrepps þann 29. apríl 1942 samkvæmt uppdráttum Inga Krisjánssonar sem nú eru glataðir. Í húsinu voru fjórar íbúðir á efri hæðum og á jarðhæð var þvottahús, geymslur og eitt aukaherbergi á hverja íbúð.
Húsið fékk nafn sitt af því að eigendurnir tveir, sem byggðu sinn endan hvor, ráðguðust svo mikið um hvernig ætti að byggja að farið var að kalla það Ráðagerði. Kristján og Vilbeg réðu þannig ráðum sínum er komið var að útvega þurfti þakviðina að þeir settu sig í samband við þá sem réðu yfir gömlu hvalstöðinni á Suðureyri, fengu að rífa þar þak og síðan var timbrinu slefað á Vatneyri.
Hótel er rekið í húsinu í dag.
Árið 2017 var húsið einangrað að utan með 2" múrplötum og klætt með múrkerfi og steinað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Sérstakt hús með funkisáhrifum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Fyrsta íbúðarhúsið á Patreksfirði sem byggt var sem fjölbýlishús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið áberandi og fer vel í götumynd og landi. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Seinni tíma viðhaldsbreytingar falla vel að upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægt og áberandi í götumynd, - fyrsta fjölbýlishús Patreksfjarðar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1935** Aðalstræti 33 Klásínuhús

Fyrsti eigandi: Friðrik Magnússon
Hönnuður: Davíð Davíðsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Breytingar 1941, fyrir og eftir.



Aðalstræti 33, 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Trapisubára |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Viðbygging<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur<br>Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1942 | Framhlið breytt. og viðbygging | Ingi Kristjánsson, Smiður |
| | Ný klæðning, (traspisa), og húsið einangrað að utan. | Ókunnur, |

## Saga

Húsið byggt af Friðriki Magnússyni en kennt við Vagn Jóhannesson sem var annar eignadi hússins. Hönnuður hússins var Davíð Davíðsson smiður og sjómaður. Davíð var formaður Verkalýðs- og sómannafélags Patreksfjarðar á árunum 1936-41. Upphaflega einfalt bárujárnshús og inngangur var á götuhlið um útitröppur. Voru þrír krosspóstagluggar áhliðinni og í framhaldi af þeim var inngangshurð með timburtröppu. Húsið er byggt á grunni eldra húss.
Húsið hefur verið einangrað að utan, klætt með trapisustáli og blikkáfellur komið í stað gluggafalda.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Upphaflega einfalt alþýðuhús í góðum hlutföllum. Seinni tíma breytingar til lýta en afturkræfar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er mikilvægt í götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upphaflega klætt bárujárni en hefur verið einangrað að utan og klætt trapisubáru. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Verði húsið fært nær upprunalegu útliti - klæðning og einangrunargrind að utan fjarlægð, húsið klætt bárujárni og upprunalegir gluggar smíðaðir mun það auka varðveislugildi verulega. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðfinnur Einarsson
Hönnuður: Guðfinnur Einarsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Guðfinnshús, 1940 (u.þ.bil).


Aðalstræti 37, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft | Tvílyft |
| | Viðbygging | Kvistir |
| | Reykháfur | Portbyggt |
| | Útitröppur | Reykháfur |
| | Inngönguskúr (bíslag) | Svalir |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1954 | Byggt við ytri enda, (vesturgafl), Kjallari hækkaður og húsinu lyft | Guðjón Jóhannesson, Smiður |

## Saga

Upphaflega byggði Guðfinnur Einarsson, einn hinna svokölluðu Kambsbræðra, húsið sem var einnarhæðar timburhús með háu risþaki á lágum kjallara. Árið ? var portbyggð þakhæð með háu risþaki byggð ofaná húsið. Gluggar voru einpósta með þriggjarúðurömmum.
Húsið eignast síðan Páll, sonur Guðfinns, og byggir við ytri (norður) gafl hússins og snýr portbyggð viðbyggingin gafli að götu. Páll hækkaði síðan kjallara, lyfti húsinu, og hafði smíðaverkstæði niðri. Páll fékk Guðjón Jóhannesson húsasmíðameistara til að gera teikningar af breytingum og árið 1959 er húsið komið í þá mynd sem nú er.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Sérstakt timburhús sem hefur vaxið og dafnað. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús og verkstæði smiðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mjög áberandi í götumynd Aðalstrætis í blöndu timbur- og funkishúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið mikið breytt, en megineinkenni upphaflegs timburhúss, með sveitser viðbótum, hafa fylgt seinni tíma viðbyggingum. Kjallari sker sig úr með sjötta áratugs einkennum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægt og áberandi. Hefur vægi í götumynd sem einkennist af blöndu funkis- og timburhúsa. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1938** Aðalstræti 39

Fyrsti eigandi: Friðrik Magnússon og Jóhanna Kristjánsdóttir Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Jón Jónsson frá Flateyri Núverandi notkun: Íbúð



Teikning Jóns Jónssonar, norðvesturgafl.


Aðalstræti 39, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Klæðning á austurhlið. og rennur færðar út fyrir steyptan kannt / rennu. | |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | | |

## Saga

Teikningar fyrst lagðar fyrir byggingarnefnd 21. ágúst 1937 og voru uppdrættir þá undirritaðir af Ingólfi Guðmundssyni í Reykjavík. Nefndin gat ekki sætt sig við teikningar og taldi ýmissa breytinga þörf. Þann 16. sept. sama ár eru svo lagðir inn nýir uppdrættir Jóns Jónssonar þar sem ýmsar breytingar höfðu verið gerðar m.a. húsið aðlagað að halla á lóð.
Í húsinu voru tvær íbúðir.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, byggingameistarafunkis. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Aðalstrætis, blöndu timbur- og funkishúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Þak fært út fyrir steyptar rennur og suðausturhlið einangruð að utan og klædd bárujárni sem er mjög til lýta. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Steypu- múrviðgerðir orðnar aðkallandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur vægi í götumynd sem einkennist af blöndu funkis- og timburhúsa. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1929** Aðalstræti 41 Strýtan

Fyrsti eigandi: (Guðbjartur Torfason) Árni Arentsson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Stuttu fyrir brunan 2011. Strýtan



Aðalstræti 41, 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Útskot (karnap)<br>Útitröppur<br>Viðbygging | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1970 | Byggð hæð ofan á húsið og útliti gjörbreytt. | Ólafur Helgason, Smiður |
| 2012 | Nýtt hús byggt á kjallara sem enn stóð. Stuðst við uppr. útlit. | Strendingur ehf, Verkfræðingur |

## Saga

Upphaflegt hús var með háu risþaki og útbyggingu á götuhlið með valmaþaki. Árið 1970 var húsinu breytt mikið, byggð hæð ofaná og það klætt með trapisustáli. Aðeins kjallarinn minnti á uppruna hússins með skreytistílsgluggum sínum.sem áður voru í öllu húsinu. Vegna hæðar og útlits var húsið uppnefnt og kallað Strýtan. Húsið brann sumrið 2011 og hefur síðan verið endurbyggt á steypta kjallaranum sem eftir stóð og stuðst við upphaflegt útlit m.a. jugendglugga en útbyggingin hvarf.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Vel heppnuð endurbygging sem sækir innblástur í upphaflegt hús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Aðalstrætis, blöndu timbur- og funkishúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Nýtt hús á upprunalegum kjallara sem hefur fyrirmynd í upprunalegu húsi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýbyggt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Endurbyggt timburhús sem sómir sér vel og hefur vægi í götumynd sem einkennist af blöndu funkis- og timburhúsa. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1937** | Aðalstræti 43 | Kristmundarhús

Fyrsti eigandi: Kristmundur Björnsson og Hallfríður Ólafsdóttir
Hönnuður: Ingi Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kristmundarhús ca 1960.



Aðalstræti 43, 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur - málað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Svalir | Tvílyft<br>Svalir | | |

## Saga

Byggt sem einbýlishús. Á tímabili var Samvinnubankinn með útibú í húsinu. Hannað og byggt af Inga Kristjánssyni, húsasmíða- og múrarameistara á staðnum. Eitt af fáum húsum frá fyrsta hluta funkistímans sem er með svölum. Steinsteypt girðing með járnrörum var við götu, samskonar girðing og við læknishúsið (Aðalstræti 51). Húsið upphaflega skeljað en hefur verið málað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, byggingameistarafunkis. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Aðalstrætis, blöndu timbur- og funkishúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Málað á skeljun, sagað af steyptum rennukanti og þak fært út yfir. Timburstoðir undir svölum. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Komið að viðhaldi að utan. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur vægi í götumynd sem einkennist af blöndu funkis- og timburhúsa. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1920** Aðalstræti 45 Pósthúsið

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Árnason
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð / Þjónusta
Núverandi notkun: Íbúð



Pósthúsið, 1950- 60.



Aðalstræti 45, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Forskalað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Viðbygging<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari | | |

## Saga

Byggt af Þorsteini Árnasyni, Sonur Þorsteins, Árni Gunnar póstmeistari og hreppsnefndarmaður, var með pósthús í húsinu (1936). Húsið upphaflega klætt bárujárni og með krosspósatagluggum en er nú forskalað og augnstungið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Upphaflega einfallt alþýðuhús í góðum hlutföllum. Seinni tíma breytingar til lýta en afturkræfar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús og pósthús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Aðalstrætis, blöndu timbur- og funkishúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upphaflega klætt bárujárnni og með krosspóstgluggum en hefur verið forskalað og augnstungið. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur vægi í götumynd sem einkennist af blöndu funkis- og timburhúsa. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1905** Aðalstræti 47 Klif

Fyrsti eigandi: Guðbrandur Eiríksson og Verónika Árnadóttir

Hönnuður: Guðbrandur Eiríksson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð / Frístundir/sumarhús



Guðbrandshús, 1945- 55.



Aðalstræti 47, 2018, ytri og innri endi t.h.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin og stækkun |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari<br>Reykháfur<br>Kvistir |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 1960 Breyting og stækkun NA endi | Guðjón Jóhannesson, |

## Saga

Upphaflega var húsið ein hæð á háum hlöðnum kjallara, jafn langt og núverandi hús. Húsið var (og er) parhús með fjórum tveggjapóstglugggum á götuhlið. Guðbrandur Eiríksson smiður byggði húsið árið 1906 og bjó í innri enda ásamt Veróniku konu sinni. Árið 1910 er Helgi, sonur Guðbrands, búsettur í ytri enda ásamt konu sinni, Björgu Bjarnardóttur. Eftir Guðbrand býr Kristján sonur hans í innri enda ásamt Sigríður Þórarnsdóttur konu sinni. Kristján var húsa- og bátasmiður og var lengi byggingarfulltrúi á Patreksfirði. Jóhannes Friðriksson smiður flyst í ytri enda á þriðja áratugnum og var sá hluti hússins nefndur á Klifinu. Jóhannes var faðir Guðjóns og Páls sem urðu atkvæðmiklir húsasmiðameistarar á Patreksfirði og nágrenni..
Árið 1960 er ytri endi endurbygggður og stækkaður, þannig að hann snýr gafli að götu og er með háu porti á þakhæð.
Í bakhúsi á lóðinni var smíðaverkstæði Kristjáns og Helga Gestssonar, teiknað af Helga og byggt 1948.
Viðir hússins eru úr gömlu pakkhúsi sem var við Geirseyrarbúðina.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Dæmi um timburhús sem hefur breyst og vaxið. Óvenjulegt að árið 1960 hafi ytri endi hafi verið byggður sem timburhús með sveitsereinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Byggingarhefð á staðnum í byrjun tuttugutu aldar. Hannað og byggt af smiði á staðnum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Aðalstrætis, blöndu timbur- og funkishúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Innri endi að mestu upprunalegur en ytri endi mikið breyttur. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Innri og eldri hluta hússins vel viðhaldið en komið að viðhaldi á ytri og yngri hluta. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur vægi í götumynd sem einkennist af blöndu funkis- og timburhúsa. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Benedikt Sigurðsson
Hönnuður: Tilsniðið frá Noregi.

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Benediktshús, 1950-60.



Aðalstræti 49, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Útitröppur<br>Kjallari | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Útitröppur<br>Útskot (karnap) |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1928 | Portbyggð þakhæð | |
| 1974 | Viðbygging aftan við húsið. | Ólafur J. Helgason, Smiður |

## Saga

Byggt af Benedikt Sigurðssyni skipstjóra átið 1897 og var það fyrsta húsið sem reis á Klifinu. (Heimild: Guðjón Friðriksson, Upphaf þorps á Patreksfirði).
Húsið kom tilsniðið frá Noregi ásamt Arahúsi sem nú er horfið og stóð nokkrum húslengdum innar í götunni. Í byrjun var húsið ein hæð. Útbygging á götuhlið var upphaflega inngönguskúr, og voru tröppur að ytri (norðvestur) hlið skúrsins. Landið sem húsið var byggt á var ræma, þríhyrningur á Klifinu, landinu fylgdi uppsátur fyrir bát og hagaganga fyrir 8 ær í Geirseyrarlandi.
Árið 1928 er lögð fyrir byggingarnefnd beiðni frá Helga Árnassyni járnsimið um að byggja portbyggða hæð ofan á húsið og fylgdu beiðninni uppdráttur af húsinu fyrir og eftir breytingu ásamt tvírituðum uppdrætti af viðum hússins. “Samþykkti nefndin að veita umbeðið leyfi með því skilyrði, að band verði sett á húsið um hæðamætin og sökkull um húsið ofan við grunninn.” Mál þetta var fjórða byggingarleyfisumsókn sem hin nýskipaða byggingarnefnd afgreiddi og eitt af mörgum dæmum um að nefndin hafði meiningar um og tók afstöðu til fagurfræði.
Árið 1974 er samþykkt í byggingarnefnd viðbyggingu aftanvið húsið.
Húsið var mælt upp árið 2013 og gerð tillaga að uppgerð hússins með upphalegum krosspóstagluggum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Húsið samsvarar sér vel með seinni tíma breytingu, portbyggðri hæð árið 1928. Gluggabreytingar til lýta. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Elsta húsið á Klifinu milli Geirs- og Vatneyrar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Aðalstrætis, blöndu timbur- og funkishúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Gluggabreytingar veikja gildi hússins en afturkræfar. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Gott viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Elsta húsið á Klifinu og eitt af merkari timburhúsum þorpsins. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1925** | Aðalstræti 50 | Stúkuhúsið

Fyrsti eigandi: Stórstúka Góðtemplarareglunar á Íslandi.
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Menningarstarfsemi
Núverandi notkun: Þjónusta / Menningarstarfsemi



Stúkuhúsið 2011.



Aðalstræti 50, 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Bogaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Portbyggt<br>Reykháfur | Einlyft<br>Portbyggt<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1947 | Kvistur og útlitsbreytingar. | Ókunnur, |
| 2012 | Endurbætur | Gunnlaugur Björn Jónsson, Arkitekt |

## Saga

Húsið, sem stendur á mörkum Geirseyrar og Vatneyrar var byggt sem stúkuhús og var aðalsamkomuhús Patreksfjarðar þar til Skjaldborg var byggð.
Aðalinngangur var frá götu og annar inngangur var á norðurgaflin nær sjó þar sem var lítið eldhús. Inni var hár salur með bogalofti og sena í norðurenda. Yfir senu var loft þar sem geymd voru gögn stúkunnar og aðstaða var fyrir leikara.
Breskir hermenn bjuggu í húsinu á stríðsárunum en eftir stríð var gerð þar íbúð.
Húsið stóð tómt í mörg ár og var orðið mjög illa farið er endurbætur hófust árið 2012. Endar gólbita voru orðnir svo fúnir að segja má að risið hafi hangið uppi á panilklæðningu útveggja. Varð því að endurnýja allar klæðningar og, gólf rishæðar og þak. Gaflar voru síðan steyptir upp aftur eins og áður hafði verið. Í dag er rekinn veitingastaður i húsinu sem ber nafn þess.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Húsið hefur verið gert upp og fært nær uppruna . |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Byggt sem stúkuhús og var aðalsamkomuhús Patreksfjarðar þar til Skjaldborg var byggð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið áberandi í götu- og bæjarmynd. Fyrsta húsið neðan götu á Kifinu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur verið gert upp í upprunalegri mynd að utan. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýuppgert í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna staðsetningar og mikilvægi í þorpsmynd - Hátt varðveislugildi. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1947** Aðalstræti 51 Læknisbústaðurinn (nýji)

Fyrsti eigandi: Patreksfjarðarlæknishérað

Hönnuður: Guðjón Samúelsson

Upphafleg notkun: Íbúð læknis, læknastofa og lyfsala.

Núverandi notkun: Íbúð



Hluti hússins t.h. með upphaflegri steyptri



Aðalstræti 51, 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Steining, skeljasandur | Skeljasandur | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Útitröppur | | |

## Saga

Húsið byggt sem læknisbústaður og var íbúð læknis var á efri hæð en á þeirri neðri var læknastofa og lyfsala. . Hönnuður hússins var Guðjón Samúelsson Húsameistari ríkisins.

Fjallað var um fyrstu teikningar Guðjóns á fundi bygginganefndar þann 28. mars 1947: "Nefndin samþykkti bygginguna, jafnframt óskaði nefndin eftir að sú breyting yrði gerð á húsinu, að suðausturendi hússins yrði breykkaður um minnst 50 cm er komi fram að götu, er nái allt að miðri framhlið."

Steinsteypt girðing með járnrörum á milli stólpa var upphaflega við götu og aðkomu en bygginganefnd lét sig girðingar miklu varða og voru þær mikilvægur hluti götumyndar. Girðingin var samþykkt á fundi byggingaefndar þann 11. ágúst 1950

Húsið stendur, eins og Stúkuhúsið, á mörkum Vatneyrar og Geirseyrar taldi Hannes læknir sem bjó í húsinu að skilin væru í gegnum hjónarúmið.

Nú eru í húsinu þrjár íbúðir. Húsið var orðið illa farið en uppgerð er vel á veg komin en miður að steypt girðing hefur verið fjarlægð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Húsameistari ríkisins - Guðjón Samúelsson. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús læknis, apótek og læknastofa. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Aðalstrætis, blöndu timbur- og funkishúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið að mestu óbreytt að utan en missir af steyptri girðingu, |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Uppgerð hússins í gangi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hús hannað af Guðjóni Samúelssyni. Hefur vægi í götumynd sem einkennist af blöndu funkis- og timburhúsa. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1934** Aðalstræti 51a Háteigur

Fyrsti eigandi: Viggó Benediktsson og Davíð Davíðsson
Hönnuður: Gestur O. Gestsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Háteigur u.þ.b. 1950.



Aðalstræti 51a, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Portbyggt<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1943 | Viðbygging | Ókunnur, |
| 1982 | kvistir | Ókunnur, |

## Saga

Árið 1934 er núverandi hús byggt af Viggó syni Benedikts sem Benediktshús er kennt við og Davíð Daviðssyni en þeir voru hálfbræður. Samhliða umsókn um byggingarleyfi var sótt um að rífa hús Elínar Sveinbjararddóttur, sem fyrir var á grunninum. Byggt var við húsið árið 1943 og kvistir byggðir 1982. Gluggar eru upprunalegir með lóðréttum póstum.
Efst á lóðinni stendur lítið hús byggt 1897 af Benedikt Sigurðssyni skipstjóra.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Timburhús með funkisáhrifum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús hannað og byggt af smiði á staðnum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er bakhús, stendur uppí í hlíð ofan götu, |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Talsvert breytt, kvistir og viðbygging. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hannað af byggingameistara á staðnum. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1947** Túngata 15

Fyrsti eigandi: Ólafur Kristjánsson

Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Túngata 15, 2011.



Túngata 15, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Svalir<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Svalir<br>Útitröppur |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| Húsið einangrað að utan, múrað og skeljað. | Ókunnur, |

## Saga

Tveggja íbúða funkishús. samþykkt í bygingarnefnd Patrekshrepps 23. mars 1946 eftir að því var fundin staður á horni Túngötu og Þórsgötu. Áður hafði verið sótt um að byggja húsið á Strandgötu 9, þann 12, nóv. 1945, en: "Nefndin sá sér ekki fært að leyfa bygginguna á umbeðinni lóð, þar sem það brýtur í bága við byggingarsamþykkt staðarins, að leyfa byggingu svo nærri íbúðarhúsi, sólarhlið, vegna íbúðarhúss Jóns Indtiðasonar. Hinsvegar samþykkti nefndin teikninguna." Byggt af byggingarmeistara á Patreksfirði, Helga Gestssyni. Teikningar af húsinu glataðar.
Húsið hefur verið einangrað að utan, múrað og skeljasað. Svalir eru úr stáli, hafa upphaflega verið steyptar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, byggingameistarafunkis. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Sagað af steyptum rennukanti og þak fært útyfir. Stálsvalir hafa komið í stað upprunalegra steyptra. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið hefur nýlega verið einangrað að utan, klætt múrkerfi og skeljað. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Funkishús byggt samkvæmt skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1948** Túngata 17

Fyrsti eigandi: Jón Þórðarson
Hönnuður: Ingi Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Túngata 17 fyrir miðju, 1965-70 - Bakhlið.



Túngata 17 götuhlið, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Stálplötur - trapisa |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Svalir | Tvílyft<br>Svalir<br>Útitröppur |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1990 | Húsið einangrað og klætt að utan með trapisustálplötum. | |
| 1968 | Steyptar tröppur og inngangi breyttá bakhlið, (NV hlið) | Ólafur Helgason, Smiður |

## Saga

Tveggja íbúða funkishús, hannað og byggt af Inga Kristjánssyni húsasmíðameistara á Patreksfirði. Teikningar Inga samþykktar á fundi byggingarnefndar 12. apríl 1946.
Húsið var einangrað og klætt að utan með trapisu stálplötum árið 1990.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Klæðning til lýta en afturkræf framkvæmd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsið hluti af götumynd og heild funkishúsa frá stríðsárunum. Húsið hannað og byggt af Inga Kristjánssyni byggingameistara á Patreksfirði. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið klætt trapisubáru og Steyptar svalið klædar og með timburhandriði. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Funkishús byggt samkvæmt skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. Seinni tíma breytingar rýra varveislugildi en eftir sem áður hluti af mikilvægri heild funkishverfisins. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1944** Túngata 18

Fyrsti eigandi: Ágúst Halldórsson

Hönnuður: ? Steingrímsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Húsið í bakgrunni til vinstri á 6. áratug síðustu



Túngata 18, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft | Tvílyft |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| Þak fært út yfir steptan rennukant og kantur klæddur blikki. | Ókunnur, |

## Saga

Funkishús byggt sem einbýli, samþykkt í bygingarnefnd Patrekshrepps 27.apríl 1943. Byggt af smiði á Patreksfirði, Kristjáni J. Guðbrandssyni.

Rennur hafa verið færðar út fyrir steyptu rennurnar, skorsteinn fjarlægður gluggun breytt og húsið endurskeljað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús, Húsið hluti af götumynd og heild funkishúsa frá stríðsárunum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Óbreytt en þak hefur verð fært út yfir steyptan rennukant. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið hefur nýlega verið endurskeljað. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Funkishús byggt samkvæmt skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1944** Bjarkargata 1

Fyrsti eigandi: Ingi Kristjánsson og Alfreð Sigurðsson
Hönnuður: Ingi Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður
Núverandi notkun: banki / Íbúð



Bjarkargata 1 á 7. áratug síðustu aldar.



Bjarkargata 1, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Svalir | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Svalir<br>Viðbygging |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1963 | Byggt við suðurhlið og götuútliti breytt. | Gunnar Hansson, Arkitekt |
| 1987 | Anddyri og stigahús við vesturhlið. | Sveinn Ívarsson, Arkitekt |

## Saga

Samþykkt var á fundi byggingarefndar beiðni frá Inga Kristjánssyni þar sem óskað var eftir að leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni þann 22. maí 1944. Ingi flytur frá Patreksfirði 1948 þannig að húsi er eldra en skráð er í fasteignaskrá. Ingi bjó á efrihæð og hafði smíðaverkstæði á neðri hæð. Árið 1946 og 47 var Iðnskóki Patreksfjarðar í tveimur herbergjum á efri hæð hússins og í öðru herbergi bjó Haraldur Ágústsson einn af kennurum skólans.
Síðar var byggt við suðurhlið hússins þegar Eyrarsparisjóður flytur í húsið árið 1963 og var þá afgreiðsla og skrifstofa á neðri hæð og íbúð sparisjóðsstjóra á efri. Anddyri og stigahús er byggt við vesturhlið 1987.
Nú er Landsbankinn í húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Heiðarlegur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Byggt sem íbúðarhús og verkstæði smiðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Seinni tíma viðbyggingar í góðu samræmi við upprunalegt hús, Steyptur rennukantur enn til staðar, |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Gott viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið eitt af mörgum funkishúsum sem byggð voru eftir skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1942** Bjarkargata 3

Fyrsti eigandi: Friðjón Guðlaugsson
Hönnuður: Friðjón Guðlaugsson?

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Bjarkargata 3, 1943.



Bjarkargata 3, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | Múrsléttað | Mótaðar stálplötur |
| Þakgerð: | Gaflsneitt þak | Gaflsneitt þak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Svalir | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur<br>Svalir |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1957 | Áfastur bílskúr | Sigurður B. Jónasson, |
| 1969 | Kvistir. | Guðjón Jóhannesson, |
| | Ný klæðning. | |

## Saga

Teikningar undirritaðar af Friðjóni Guðlaugssyni teknar fyrir á fundi byggingarnefndar 15. júlí 1941. Nefndin gat ekki samþykkt teikningar óbreyttar og var þeim breytt eftir leiðbeiningum byggingarfulltrúa.
Bygggt sem einbýli. Upphaflega einfallt gaflsneitt hús með svölum en kvistar og bílskúr koma seinna.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Húsið sérstakt, byggt á funkistíma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið sker sig úr í samfelldri röð funkishúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Talsvert breytt- klæðning og Hafnarfjarðarkvistir. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Gott viðhald með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Sérstakt hús með tilliti til umhverfis og byggingarárs. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1955** Bjarkargata 4 Pósthúsið

Fyrsti eigandi: Póstur og sími
Hönnuður: Gísli Halldórsson

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Þjónusta



Pósthúsið með viðbyggingu Battrísins.



Bjarkargata 4, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Útitröppur<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Viðbygging |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| Viðbygging. | Batteríið, Arkitekt |

## Saga

Byggt sem símstöð og pósthús með íbúð fyrir stöðvarstjóra. Fyrsta sjálfvirka símstöðin á Vestfjörðum. Húsinu svipar til annara símstöðva sem eru víða um land, teiknaðar af Gísla Halldórssyni arkitekt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Hús hannað af Gísla Halldorssyni. Á sér samsvörun víða um land. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Símstöð og pósthús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið áberandi í götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið upprunalegt með seinni tíma viðbyggingu sem samsvarar sér vel. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Gott viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Góður fulltrúi síns tíma. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1943** Bjarkargata 5

Fyrsti eigandi: Friðjón Guðmundsson
Hönnuður: Ingi Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Bjarkargata 5, 2011.



Bjarkargata 5, 2018.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Asbestbára | Asbestbára | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | | |

## Saga

Tveggja íbúða funkishús byggt á stríðsárunum. Hannað og byggt af Inga Kristjánssyni húsasmíðmeistara á Patreksfirði. Fyrstu teikningar gerðu ráð fyrir svölum á suðaustur horni en frá því var horfið. Húsið er eina funkishúsið á Vatneyri sem er óbreytt frá upphafi. Húsið þarfnast viðhalds og er mikilvægt að varðveita húsið í upphaflegri mynd sem dæmi um upprunalegt funkishús á eyrinni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Vel varðveitt byggingameistarafunkishús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús hannað og byggt af smiði á staðnum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Upprunalegasta funkishúsið á Vatneyri, óbreytt frá upphafi. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Viðhald orðið brýnt. Afar mikilvægt að varðveita húsið í upprunalegir mynd. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið eitt af mörgum funkishúsum sem byggð voru eftir skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. Eina funkishúsið á Vatneyri sem er 100% upprunalegt. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1950** Bjarkargata 6

Fyrsti eigandi: Árni Bæringsson og Jóhanna Þórðardóttir
Hönnuður: Guðjón Jóhannesson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:




Útlitsteikning Guðjóns Jóhannessonar



Bjarkargata 6, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur<br>Svalir | Tvílyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Svalir |

**Helstu breytingar:** **Hönnuðir breytinga:**

1957 Bílskúr áfastur við hús.

## Saga

Tveggja íbúða byggingameistarafunkishús. Byggt fyrir Árna Bæringsson af bræðrunum Páli og Guðjóni Jóhannessonum og hannaði Guðjón húsið. Teikningar voru samþ. af byggingarnefnd þann 3. ágúst 1949.
Morgun einn, þegar átti að fara að klæða þakið, kom Árni að máli við Guðjón og sagði að kannski væri sniðugt að vera með kvist á húsinu. Guðjón brá skjótt við og teiknaði kvistinn í hádeginu. Páll var ekki sáttur við þetta því ætlunin hafði verið að klára þakið þennan dag og er eftir honum haft "látum vera með kvistinn, en að hann skyldi þurfa að vera bogadreginn". Guðjón Jóhannesson húsasmíðameistari verður um 1950 einn afkastamesti hönnuður og smiður svæðisins og tekur þar við af Inga Kristjánssyni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Samhverft hús afkvæmi funkistíma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Húsið hannað og byggt af Guðjóni Jóhannessyni byggingameistara á Patreksfirði. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Sagað af steyptum rennukanti og þak fært út yfir. Handriði á svölum breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu hefur verið endurskeljað og er vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið eitt af mörgum funkishúsum sem byggð voru eftir skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1943** Bjarkargata 7

Fyrsti eigandi: Erlendur Hjartarson, Jónína Hjartardóttir og
Hönnuður: Ingi Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Bjarkargata 7, 1966.



Bjarkargata 7, 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Útitröppur |

**Helstu breytingar:**

Húsið klætt með steniplötum.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Tveggja íbúða funkishús, hannað og byggt af Inga Kristjánssyni, húsasmiði á staðnum. Upphaflega skeljað en nú klætt steni plötum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, hannað og byggt af Inga Kristjánssyni byggingameistara á Patreksfirði. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið hefur verið einangrað að utan og klætt steniplötum. Steyptar rennur enn til staðar. - Breytingar afturkræfar. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið að viðhaldi á steyptum rennukanti. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið eitt af mörgum funkishúsum sem byggð voru eftir skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1952** Bjarkargata 8 og 8a

Fyrsti eigandi: Byggingarfélag verkamanna
Hönnuður: Bárður Ísleifsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Upprunalegt hús, fyrir viðbyggingu.



Húsið með viðbyggingu 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | Tvílyft<br>Útitröppur<br>Viðbygging |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 1970 Viðbygging | Ólafur Helgason, Byggingarfulltrúi |

## Saga

Fjögura íbúða hús byggt sem verkamannabústaðir af Byggingarfélagi verkamanna á Patreksfirði, samþykkt á fundi bygginganefndar 9, júní 1949. Húsið er sömu gerðar voru reist í Reykjavík og Hafnarfirði sem verkamannabústaðir og eru teikningarnar sem byggt var eftir af verkamannabústöðum í Rauðárholti. Ólafur Helgason byggingarfulltrúi byggð síðan við húsið árið 1970.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Verkamannabústaðir hannaðir af Bárði Ísleifssyni arkitekt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Verkamannabústaðir, á sér samsvörun í Reykjavík og Hafnarfirði. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upprunalegt hús vel varðveitt. Viðbygging sléttmúruð. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Brýn þörf á múrviðgerðum. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af heild, funkistímabil. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1936** Urðargata 5 Kötuhús

Fyrsti eigandi: Oddgeir Magnússon
Hönnuður: Jón Jónsson frá Flateyri

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Kötuhús 1940-45.



Kötuhús 2018.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | Einlyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | | |

## Saga

Bárujárnsklætt timburhús á steyptum kjallara, kennt við Katrínu Gíladóttur fósturdóttur Ólafs Jóhannessonar og Auróru konu hans. Húsið er, í stíl sínum, á tímamótum funkis og bárujárnshúsa. Húsið hannaði Jón Jónsson sem var með viðurnefnið "smiður á öllum fjörðum".

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Á timamótum bárujárns- og funkishúsa. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Bárujárnshús á steyptum kjallara, hannað og byggt af Jóni Jónssyni frá Flateyri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af götumynd Urðargötu og "miðbæjarins". |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Óbreytt frá upphafi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið á mótum bárujárns- og funkis með hefðbundnum frágangi við glugga. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1938** Urðargata 6

Fyrsti eigandi: Gísli Bjarnason og Nanna Guðmundsdóttir
Hönnuður: Ingólfur Guðmundsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning með breytingu



2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Þak hækkað - kvistur. | Ókunnur, |
| Útveggir: | Skeljasandur | Trapisubára | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | Trapisu stálklæðning. | Ókunnur, |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Kvistir<br>Útitröppur<br>Ris | | |

## Saga

Steypt funkishús sem hefur verið klætt stáli að utan.
Húsið teiknað með lágu valmaþaki..
Byggt af togaraskipstjóra sem bjó á efri hæð en áhafnarmeðlimir á neðri.
Hönnuður og smiður hússins,Ingólfur Guðmundsson var samþykktur af byggingarnefnd Patreksfjarðar árið 1936.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur byggingameistarafunkis.<br>Klæðning til lýta en afturkræf framkvæmd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, funkistímabil. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið áberandi í götumynd Urðargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Seinni tíma klæðning, þak og kvistir. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af sögu og tímabili byggingameistarafunkisins á Vatneyri. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1938** Urðargata 7

Fyrsti eigandi: Adólf Hallgrímsson og Helga Guðmundsdóttir
Hönnuður: Jón Jónsson frá Flateyri

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Urðargata 7, 1940-45.


Urðargata 7, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari<br>Ris<br>Útitröppur | | |

## Saga

Byggt sem tveggja íbúða bárujárnshús á steynsteyptum kjallara. Hefðbundið timburhús en funkisáhrifa farið að gæta við gluggasetningu. Annað tveggja húsa á Urðargötu sem er hannað og byggt af Jóni Jónssyni frá Flateyri sem kallaður var "Jón á öllum fjörðum". Húsið samþykkt í bygginganefnd í sept. árið 1934 þannig að húsið er að öllum líkindum eldra en segir í fasteignaskrá.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Eitt af yngstu bárujárnshúsum Vatneyrar með funkisáhrifum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti samfeldrar húsaraðar neðan Urðargötu með varveittum fyrstu ljósastaurum Patreksfjarðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið upprunalegt fyrir utan gluggabreytingar. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Gott viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Sérstakt hús á mótum timburhúsahefðar og funkistíma. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1938** Urðargata 9

Fyrsti eigandi: Þórður Þorsteinsson og Kristín Pálsdóttir

Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun:



Urðargata 9 til vinstri.



Urðargata 9, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Hraunað | |
| Þakgerð: | Geiraris | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft<br>Útitröppur<br>Viðbygging<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

1959 Bílskúr

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Tveggja íbúða steinsteypt funkishús, bygggt af Þórði Þorsteinssyni sem fórst með Þormóði. Byggingarnefnd samykkti teikningar af húsinu, 25. april 1937, en lagði í leiðinni til að "mjórri rúður glugganna séu alstaðar látnar vita að hornum hússins".
Húsið óbreytt fyrir utan bílskúr og skorsteinn hefur verið fjarlægður.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur byggingameistarafunkis |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, funkistímabil. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti samfeldrar húsaraðar neðan Urðargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið að mestu upprunalegt en þak fært út yfir steyptan rennukant. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Gott viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hefur vægi í götumynd Urðargötu. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

## Byggingarár: 1920

Urðargata 8

Fyrsti eigandi: Ingimundur Árnason
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Urðargata 8, u.þ.b. 1960. Myndi í eigu Haralds



Urðargata 8

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | Húsið hækkað - portbyggt ris. | Ókunnnur, |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kjallari | | |

## Saga

Timburhús á hlöðnum kjallara.Hugsanlega elsta húsið við Urðargötu. Haft eftir Guðrúnu Halldórsdóttur á Patreksfirði að húsið sé ekki yngra en frá 1920 og líklega enn eldra. Ingimundur Árnasonar, sem sagur er fyrsti eigandi, er getið í Gjörðabók bygginganefndar árið 1930 þegar hann sækir um að reisa andakofa ofan við íbúðarhús sitt í Urðum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfallt alþýðuhús frá byrjun tuttugustu aldar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið áberandi í götumynd Urðargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Seinni tíma portbyggt ris. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Gott viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er gott dæmi um lítil alþúðhús sem ásamt útihúsum voru einkennandi fyrir byggð í Urðum á fyrsta hluta síðustu aldar og hefur sem slíkt hátt varveislugildi. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1943** Urðargata 12

Fyrsti eigandi: Þórður Jósepsson og Tove - Vigfús Þórðarson
Hönnuður: Hafliði Jóhannsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Urðargata 12, 2011.



Urðargata 12, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur - málað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Asbestbára | Asbestbára | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Útitröppur<br>Einlyft | Útitröppur<br>Tvílyft | | |

## Saga

Húsið teiknað sem einbýlishús með kjallara undir fremti hluta en hefur að öllum líkindum verð byggt sem tvær hæðir. . Húsið var skeljað en hefur verið málað og þak fært út yfir steyptar rennur.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, funkistímabil. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Óbyggðar lóðir beggja vegna við húsið. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Málað yfir skeljaðan múr, að öðru leiti upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af sögu og tímabili byggingameistarafunkisins á Vatneyri. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1906** Urðargata 11 Hallgrímshús

Fyrsti eigandi: Gísli Jóhannesson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Hallgrímshús fyrir 1969



Urðargata 11, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Plankabyggt | Plankabyggt |
| Útveggir: | Bárujárn | Trapisubára |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Reykháfur<br>Viðbygging | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Ris<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1987 | Kvistur á suðurhlið og þaki breytt á anddyri og það stækkað. | Ókunnur, |

## Saga

Svokallað plankabyggt timburhús - plankar frá Noregi. Reist 1906 af Gísla Jóhannessyni kennara, skipstjóra og organista. Gísli var bróðir Ólafs B. Jóhannessonar.
Hallgrímur járnsmiður, og hreppsstjóri, sem var annar eigandi hússins, hafði járnsmiðju og útihús ofan við götu.
Húsið var bárujárnsklætt og án kvists en hefur verið klætt með trapisustálplötum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Seinni tíma breytingar rýra listrænt gildi hússins. Væri verðugt verkefni að færa húsið nær uppruna. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Plankabyggt íbúðarhús, það eina á Vatneyri. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Urðargötu, blöndu timbur- og funkishúsa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Klætt trapisubáru, einangrað að utan og kvistur á suðurhlið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Elsta skráða íbúðarhúsið í Urðum og einfalt að færa nær uppruna. Eina plankabyggða húsið á Vatneyri. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1959** Þórsgata 1

Fyrsti eigandi: Björn Guðmundsson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Þórsgata 1 ásamt Túngötu 12 (t.h.) sem nú er



Þórsgata 1, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | Múrsléttað | Trapisubára |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur<br>Svalir | Tvílyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Svalir<br>Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1967 | Byggðir kvistir | Þráinn Hjartarson, |
| | Trapisustálklæðning | Ólafur Árnason og Hafliði Ottósson, Múrari |

## Saga

Húsið með funkisáhrifum, byggt sem verkstæði og íbúð, hlaðið úr holsteini. Teikningar samþykktar í byggingarnefnd 17. apríl 1958. Á sama fundi er Birni Guðmundssyni veitt leyfi til að standa fyrir byggingu íbúðarhúsa í umdæmi hreppsins. Byggt undir lok tímabils bygginganeistarafunkis.
Kvistir og klæðning seinni tíma.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Hús með funkisáhrifum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. Byggt undir lok tímabils bygginganeistarafunkis. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Mikið breytt, kvistir og klæðning. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Húsið eitt af mörgum húsum sem byggð voru eftir skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1946**

Þórsgata 4

Fyrsti eigandi: Kári Jóhannesson
Hönnuður: Guðjón Jóhannesson

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Timbursvalir í stað steyptra og þak fært út yfir kant. | Ókunnur, |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Geiraris | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Svalir<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Svalir | | |

## Saga

Steynsteypt funkishús hannað af Guðjóni Jóhannessyni húsasmíðameistara sem teiknaði mörg hús á Patreksfirði og í nærsveitum. Þak hefur verið fært út yfir steytar rennur. Steyptar svalir sem enduðu í boga hafa verið fjarlægðar og nýjar stærri timbursvalir byggðar í stað þeirra.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, hannað og byggt af Guðjóni Jóhannessyni byggingameistara á Patreksfirði. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið hluti af funkishverfi Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Timbursvalir í stað steyptra, sagað af steyptum rennukanti og þak fært út yfir. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið eitt af mörgum funkishúsum sem byggð voru eftir skipulagi Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar. |

Verndarflokkar: Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

**Byggingarár: 1945** Strandgata 5

Fyrsti eigandi: Guðjón og Ottó Guðjónssynir
Hönnuður: Halldór Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 5, 1964.



Strandgata 5, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Klætt akrýlefni og |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Þrílyft<br>Svalir<br>Reykháfur | Þrílyft<br>Reykháfur<br>Svalir<br>Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1988 | Viðbygging við vesturgafl. | Freyr Jóhannesson, Byggingatæknifræðingur |
| | Akrýlefni á 2" plasteinangrun. | |

## Saga

Húsið byggt sem fjölbýlishús með verslun á jarðhæð. Húsið sem hannað var af Halldóri Jónssyni arkitekt boðaði nýja tíma, það sem koma skyldi á Vatneyri en ekki varð framhald á.
Verslunin Kjöt og Fiskur var í húsinu frá upphafi. Bókasafn og síðan bæjarskrifstofur voru á tímabili á helmingi miðhæðar hússins.
Húsið upphaflega skeljað en hefur verið einangarað með 2" plasti og klætt með akrýlefni (Sommer) sem reynst hefur illa or eru nú viðgerðir í gangi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Stærsta funkishús Varneyrar og það eina sem hannað var af arkitekt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Byggt sem fjölbýlishús með verslun á jarðhæð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið mjög áberandi í ásýnd Vatneyrar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur verið einangrað að utan og klætt múrkerfi og málað. Missir af verslun á jarðhæð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Unnið er að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Fjölbýlis- og verslunarhús í "miðbæ" Vatneyrar. Nýr tími og skali á Vatneyri. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1930** Strandgata 7 Jóa Magg hús

Fyrsti eigandi: Jóhann Magnússon og Hólmfríður

Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun:



Strandgata 7 á fjórða áratug síðustu aldar.



Strandgata 7, 2018.

## Gerð húss:

| | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Hraunað | Hraunað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Einlyft<br>Ris<br>Portbyggt<br>Reykháfur<br>Útitröppur | | |

## Saga

Einfalt steynsteypuhús, byggt sem þriggja íbúða hús. Samþykkt í byggingarnefnd15. sept. 1928. Í beiðni Jóhanns um byggingaleyfi var jafnframt sótt um að fá að flytja inn í húsið þegar innréttingu á 1. gólfi væri lokið og að hann fengi að bíða með að fullgera smíði uppi eftir því sem ástæður leyfa. Jóhann sótt síðar um ýmsar breytingar m.a. hækkun kjallara þannig að hann yrði íbúðarhæfur, breykka útitröppur og að fá að setja vatnssalerni á efstu hæð. Setti nefndin það skilyrði að þakgluggi yrði settur á salernið og taldi rétt að leita álits heilbrigðisnefndar á framkvæmdinni.

Húsið upphaflega hraunað og með krosspóstagluggum. Húsið er nú málað og gluggum hefur verið breytt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfallt steinsteypt hús, fyrir tíma funkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Áberandi í ásýnd Vatneyrar. Hluti af Krókshverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Gluggabreytingar og mála yfir hraunaðan múr. Að öðru leiti óbreytt. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Komið að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Sérstakt steynsteypt hús á Vatneyri og áberandi í ásýnd eyrarinnar. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1932** Strandgata 11

Fyrsti eigandi: Davíð Friðlaugsson og Sesselía Sveinsdóttir
Hönnuður: Davíð Friðlaugsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 11 lengst til vinstri, árið 1946



Strandgata 11, 2018.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Virkisstallar fjarlægðir | |
| Útveggir: | Hraunað | Hraunað og málað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | 1960 Þak fært út yfir útveggi | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Útitröppur | | |

## Saga

Eitt þriggja samsvarandi húsa sem hönnuð voru af smiðum á staðnum, steinsteypuöld gengin í garð og funkisinn rétt handan við hornið.
Teikningar Davíðs Friðlaugssonar samþykktar á fundi byggigarnefndar 25. júní 1930. Húsið er steinsteypt með timburgólfi á milli hæða, var í fyrstu ein hæð en nokkru seinna byggð önnur hæð og voru þá tvær íbúðir í húsinu. Upphaflegar teikningar sýna trésmiðju á jarðhæð. Fullbyggt var húsið með virkisstöllum á útveggjum þriggja hliða og einhalla þaki. Stærri gluggar voru tveggjapósta með misháum þverpóstum, þak og milligólf er úr timbri.
Virkisstallar hafa verið brotinir af útveggjum og þak nær nú út yfir þá og gluggum hefur verið breytt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Seinni tíma breytingar rýra listrænt gildi hússins. Væri verðugt verkefni að færa húsið nær uppruna. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús hannað og byggt af smiði á staðnum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Eitt þriggja samsvarandi húsa. Mikilvægt fyrir ásýnd Vatneyrar. Hluti af Krókshverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Efsti hluti útveggja sem náði upp yfir þak á þrjá vegu, með virkisstöllum, hefur verið brotinn af og þak fært út yfir þá. Gluggar breyttir. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Komið að viðhaldi á útveggjum. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Eitt þriggja húsa samsvarandi húsa sem hönnuð voru af smiðum á staðnum, steinsteypuöld gengin í garð og funkisinn rétt handan við hornið. Samhengið við hin húsin eykur varveislugildi. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1918** Strandgata 11a Prestshúsið

Fyrsti eigandi: Magnús Þorsteinsson
Hönnuður: Finnur Ó Thorlacius

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Prestshúsið á fjórða áratug síðustu aldar.



Strandgata 11a, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | Trapisuklæðming. | |
| Útveggir: | Bárujárn | Trapisubára | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | Tvílyft<br>Útitröppur<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kjallari | | |

## Saga

Húsið byggt sem prestbústaður árið 1918. Haft er eftir eldri íbúum að húsið hafi verið flutt til Patreksfjarðar frá Flateyri. Teikning af húsinu er undirrituð af Finni Ó. Thorlasiusi í febr. 1918. Skúr á austurhlið var svonefndur heldrimannainngangur og snéri inngangsurð í norður að Aðalstræti og var tröð þaðan að húsinu.
Þak og útveggir hafa verið kæddir með trapisustáli og þaki inngangsskúrs (heldrimannainngangur) hefur verið breytt. Skorsteinn fjarlægður.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Sérstakt hús, sneitt af hornum fyrir glugga. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Pretbústaður. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er bakhús, en eftir sem áður áberandi í þorpsmynd. Hluti af Krókshverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Vel varðveitt en trapisubáruklæðning til lýta. Þaki inngönguskúrs breytt og skorsteinn fjarlægður. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Sérstakt hús, (horngluggar), byggt sem prestbústaður. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1932**

## Strandgata 13

Fyrsti eigandi: Gísli Guðmundsson - Þórarinn Kristjánsson og
Hönnuður: Gestur O. Gestsson

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 13, upprunalegar teikningar.


Strandgata 13, 2018.

| Gerð húss: | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Virkisstallar fjarlægðir. | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | Þak fært út yfir útveggi | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Útitröppur | | |

## Saga

Eitt þriggja samsvarandi húsa sem hönnuð voru af smiðum á staðnum, steinsteypuöld gengin í garð og funkisinn rétt handan við hornið.
Húsið var í fyrstu ein hæð en nokkru seinna byggð önnur hæð og voru þá tvær íbúðir í húsinu. Fullbyggt var húsið með virkisstöllum á útveggjum þriggja hliða og einhalla þaki. Stærri gluggar eru tveggjapósta með misháum þverpóstum, þak og milligólf er úr timbri.
Virkisstallar hafa verið brotnir af útveggjum og þak nær nú út yfir þá. Húsið hefur nýlega verið gert upp að utan og var þá gluggum breytt í átt að upprunalegu útliti, (fög vantar).

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Það hús, af þremur, sem er næst upprunlegu útliti |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús hannað og byggt af smiði á staðnum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Eitt þriggja samsvarandi húsa. Mikilvægt fyrir ásýnd Vatneyrar. Hluti af Krókshverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Efsti hluti útveggja sem náði upp yfir þak á þrjá vegu, með virkisstöllum, hefur verið brotinn af og þak fært út yfir þá. Gluggar hafa verið færðir nær uppruna. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið hefur nýlega verið gert upp að utan. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Eitt þriggja húsa samsvarandi húsa sem hönnuð voru af smiðum á staðnum, steinsteypuöld gengin í garð og funkisinn rétt handan við hornið. Samhengi við hin húsin eykur varveislugildi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1934**

## Strandgata 15

Fyrsti eigandi: Helgi og Guðmundur Gestsynir
Hönnuður: Gestur O. Gestsson

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Sneiðing - fyrsta steypta milligólf á Vatneyri.



Strandgata 15, 2018.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Þak fært út yfir veggi. | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | Þak fært út yfir útveggi | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | Steniklæðning | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Útitröppur | | |

## Saga

Eitt þriggja samsvarandi húsa sem hönnuð voru af smiðum á staðnum, steinsteypuöld gengin í garð og funkisinn rétt handan við hornið.
Steinsteypt tveggja íbúða hús með steyptu milligólfi sem var það fyrsta á Patreksfirði. Teikningar Gests O. Gestssonar af húsinu gera ekki ráð fyrir virkisstöllum eins og voru á húsum 11 og 13. Stærri gluggar voru tveggjapósta með misháum þverpóstum,

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Seinni tíma breytingar rýra listrænt gildi hússins. Væri verðugt verkefni að færa húsið nær uppruna. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Íbúðarhús hannað og byggt af smiði á staðnum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Eitt þriggja samsvarandi húsa. Mikilvægt fyrir ásýnd Vatneyrar. Hluti af Krókshverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Efsti hluti útveggja sem náði upp yfir þak á þrjá vegu hefur verið brotinn af og þak fært út yfir þá. Húsið hefur verið einagrað að utan og klætt steniplötum. Gluggar breyttir. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Eitt þriggja húsa samsvarandi húsa sem hönnuð voru af smiðum á staðnum, steinsteypuöld gengin í garð og funkisinn rétt handan við hornið. Samhengi við hin húsin eykur varveislugildi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1928** Strandgata 15a Sigga meistarahús

Fyrsti eigandi: Ólafur F. Ólafsson og Sóveig Stefánsdottir
Hönnuður: Ó. F. Ólafsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið nýbyggt.



Sigga meistarahús, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Svalir<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur | | |

## Saga

Byggt sem þriggja íbúða hús, steinsteypt með timburgólfum. Eina nýbarrok húsið á Patreksfirði. Sameiginlegt salerni fyrir allar íbúðirnar var undir útitröppunni.
Húsið hefur verið gert upp og er í mjög góðu ástandi.
Húsið líklega teiknað af Ólafi F. Ólafssyni og hann sé sá sem skrifar undir teikningar (Ó. F. Ólafsson) af m.a. af Aðalstræti 1a og Skjaldborg, en upphaflegar teikningar af húsinu hafa ekki fundist.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Húsið það eina síns líka á Vatneyri. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús hannað af járnsmið á staðnum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er bakhús með virðulegri aðkomu, áberandi í þorpsmynd. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið nánast óbreytt frá upphafi. Skorsteinn fjarlægður. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Gott viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Eina nýbarrokhús Patreksfjarðar. Hluti af Krókshverfinu. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1936** Strandgata 17

Fyrsti eigandi: Guðjón Ólafsson
Hönnuður: Jón Jónsson frá Flateyri

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 17, 1964.



Strandgata 17, árið 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Skeljasandur | Skeljasandur - málað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Læst klæðning (t.d. kopar, |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Útitröppur |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 1989 Gluggapóstum breytt.. | |

## Saga

Tveggja íbúða steinsteypt hús með timburloftum. Fyrsta funkishús Vatneyrar, hannað og byggt af Jóni Jónssyni "smiði á öllum fjörðum". Upphaflega skeljað. Gott dæmi um einfalt funkishús. Gluggapóstum hefur verið breytt - fækkað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur og heiðarlegur byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, byggingameistarafunkis. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur í samfeldri röð steinsteyptra húsa. Hluti af Krókshverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Málað yfir skeljaðan múr og gluggum breytt. Að öðru leiti vel varveitt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Gott viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Elsta funkishús Vatneyrar - upphaf nýs tíma. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1900**

## Strandgata 17a

Fyrsti eigandi: Guðjón Jósepsson og Sigríður Þorsteinsdóttir
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Strandgata 17a, fyrir breytingu.



Strandgata 17a, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin í múr | Hlaðin í múr |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1963 | Húsið hækkað og breikkað | Guðjón Jóhannesson, Smiður |

## Saga

Húsið upphaflega byggt um aldamótin 1900 og var þá einn hæð með lágu risi á hlöðnum kjallara. Húsið var endurbyggt árið 1963, kjalllari hækkaður og byggð þakhæð með háu porti ofná gamla húsið. Húsið er óbreytt frá endurbyggingu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Timburhús sem hefur vaxið og breyst mikið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Bakhús. Hluti af Krókshverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið mikið breytt, breykkað og hækkað. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Þörf á viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Lítið eftir af upprunlegu húsi en hefur sess sem hluti Krókshverfis. |

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

**Byggingarár: 1897** Strandgata 19 Gíslahús

Fyrsti eigandi: Gísli Sigurðsson snikkari
Hönnuður: Gísli Sigurðsson?

Upphafleg notkun: Íbúð og gistihús / Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gíslahús, 1964.



Strandgata 19, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin í múr |
| Útlit: | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Einlyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur |

**Helstu breytingar:**

2014 Trépallur

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Reist af Gísla Sigurðssyni trésmið árið 1897 og rak hann seinna að verslun í húsinu. Gísli varð gjaldþrota 1909 og leigði þá Margrét kona Björns Olsens húsið og ráku þau verslun í húsinu. Síðan eignast Ólafur Ólafsson og Halldóra Halldórsdóttir kona hanns húsið og reka þar gistingu fyrir ferðamenn fram undir 1940. Í austurstofu var aðstaða fyrir augn- og tannlækni þegar þeir voru á ferð. Nú er húsið nýtt til íbúðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Stórt timburhús í góðum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Byggt sem íbúðarhús með verslun og lengi vel aðalgistihús Vatneyrar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af og áberandi í götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Að mestu óbreytt en timburpallur til lýta og vanda hefði mátt betur ytri frágang. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Unnið er að uppgerð hússins. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Elsta húsið í Króknum og mikilvægt í þorpsmynd. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1938** Aðalstræti 47 a Smíðavekstæðið

Fyrsti eigandi: Kristján Guðbrandsson
Hönnuður: Helgi Gestsson

Upphafleg notkun: Smíðahús
Núverandi notkun: Ekki í notkun.



Aðalstræti 47a, séð ofan úr hlíð. 2018.



Aðalstræti 47a, framhlið. 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | | |

## Saga

27. júní 1938 er á fundi bygginganefndar samþykkt beiðni frá Kr. J. Guðbrandssyni um að mega byggja smíðahús fyrir ofan íbúðarhús sitt. Sagt er að viðir úr Geirseyrarbúð hafi verið notaðir í húsið. Húsið var nýtt sem smíðaverkstæði Kristjáns og Helga Gestssonar. Teikning af húsinu, ódagsett, er undirrituð af Helga Gestssyni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt timburhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Smíðaverkstæði. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Eitt af bakhúsum innan Klifs sem enn er varðveitt. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Óbreytt frá upphafi. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Komið að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Frá og með Klifi, verður hlíðin meira aflíðandi, bakhús algegari og er smíðaverstæðið eitt þeirra. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1897** | Aðalstræti 51a | Háteigur bakhús

Fyrsti eigandi: Benedikt Sigurðsson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Geymsla



Bakhúsið séð ofan úr hlíðinni.



Bakhúsið við Aðalstræti 51a, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mishalla mænisþak. | Mishalla mænisþak. | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur | Einlyft<br>Reykháfur | | |

## Saga

Efst á lóðinni á Aðalstræti 51a stendur lítið hús byggt 1897 af Benedikt Sigurðssyni skipstjóra. Upphaflega íbúð en seinna nýtt sem geymsla og hjallur. Nokkur lítil íbúðarhús voru uppi í hlíðinni ofan Aðalstrætis frá Klifinu og inn að Stekkagili en eru nú flest horfin.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Alþýðuhús frá lokum 19. aldar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús - hjallur. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Bakhús |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Talsvert breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Illa farið. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Dæmi um lítið alþýðuhús frá lokum 19. aldar. Ekki gerð krafa um verndun. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár:** Aðalstræti 49 Benediktshús - Hjallur

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Hjalur - geymsla.



Hjallur við Aðalstræti 49, Benediktshús.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn og listar | Bárujárn og listar | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Geiraris | | |
| Þakklæðning: | | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Tréstaurar | Tréstaurar | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Einn af fáum hjöllum sem eftir eru en fram yfir miðja síðustu öld voru hjallar og kálgarðar við nánast hvert hús. Voru þeir nýttir til geymslu matvæla og til að þurrka þvott. Óvíst er um bggingarár en hjallurinn hefur staðið svo lengi sem elstu Patreksfirðingar muna.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfaldur hjallur. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Einn af fáum hjöllum við íbúðarhús sem eftir er. En á fyrri hluta síðustu aldar voru hjallar og kálgarðar við nánast öll hús þorpsins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Í samhengi við íbúðarhús - hátt. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Óbreyttur. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Komið að viðhaldi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Einn af fáum hjöllum við íbúðarhús sem eftir er. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1963** Túngata 19 Piparsveinahöllin

Fyrsti eigandi: Júlíus og Cesar Ólafssynir
Hönnuður: Húsnæðismálastofnun ríkisins

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Túngata 19, 2012.



Túngata 19, 2018.

| Gerð húss: | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Bílskúrar | Húsnæðismálastofnun ríkisins, |
| Útveggir: | Múrsléttað | Stálplötur - trapisubára | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | Klæðning | Ókunnur, |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Svalir | Tvílyft | | |

## Saga

Húsið annað tveggja á Patreksfirði sem byggt er eftir sömu teikningu - grunnmyndir þær sömu en þaki hallar í aðra átt á Aðalstræt 83. Sú breyting verður á um 1960 að farið er að sækja teikningar út fyrir byggðina og þá einkum til Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Fram að því voru nánast öll hús á Patreksfirði hönnuð af byggingameisturum á staðnum.
Fyrstu eigendur voru bræður og bjuggu einir og þóttu búa veglega og var því farið að nefna húsið Piparsveinahöllina.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Eitt af mörgum húsum byggt eftir sömu teikningu Húsnæðismálastofnunar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hornhús, stingur í stúf við funkishúsin en eftir sem áður hluti af byggðarmynstri. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Seinni tíma klæðningar rýra upprunalegt gildi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Fulltrúi síns tíma á Vatneyri. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1969** Urðargata 15

Fyrsti eigandi: Kristinn Friðþjófsson
Hönnuður: Magnús Friðriksson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Urðargata 15, götumynd.



Urðargata 15, suðvestur.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Reykháfur<br>Svalir<br>Kjallari<br>Einlyft | Einlyft<br>Reykháfur<br>Svalir | | |

## Saga

Yngsta hús Urðargötu. Steinsteypt einbýlishús byggt fyrir Kristinn Friðþjófsson forstjóra.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Dæmigert hús frá sjöunda áratug síðustu aldar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, sjöundi áratugur 20. aldar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti samfelldrar götumyndar neðan Urðargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Að mestu óbreytt - seinni tíma handrið á svölum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Lítið breytt hús frá sjöunda áratug síðustu aldar. Húsið sem hluti götumyndar hækkar varðveislugildi. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1960** Urðargata 17

Fyrsti eigandi: Ágúst Herbert Pétursson
Hönnuður: Guðjón Jóhannesson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Urðargata 17, götumynd.



Urðargata 17, suðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað og steni |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Reykháfur<br>Svalir<br>Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Svalir<br>Reykháfur<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| Steniklæðning á austurhlið. | Ókunnur, |

## Saga

Húsið hannað og byggt af Guðjóni Jóhannessyni byggingameistara á Patreksfirði fyrir Ágúst Herbert Pétursson bakarameistara, síðar oddviti og sveitarstjóri. Eitt af síðustu húsunum sem hönnuð voru af Guðjóni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt steinsteypuhús með funkiseinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti samfelldrar götumyndar neðan Urðargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Nánast upprunalegt fyrir utan klæðningu á austurgafli. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur ákveðið gildi í samhangandi götumynd. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1963** Urðargata 18

Fyrsti eigandi: Hafsteinn Davíðsson og Erna Aradóttir

Hönnuður: Guðjón Jóhannesson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun:



Urðargata 18, 1980.



Urðargata 18, 2018.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn | Klæðning | Ókunnur, |
| Útveggir: | Múrsléttað | | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Svalir<br>Útitröppur<br>Kjallari | | | |

## Saga

Húsið hannað af Guðjóni Jóhannessyni byggingameistara á Patreksfirði. Ólafur Helgason sá um bygginguna en hann átti síðar eftir að koma mikið við sögu bygginga á Patreksfirði.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Sérstakt hús á Vatneyri, |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús, hannað af byggingameistara á staðnum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Áberandi í sundurlausri götumynd ofan götu. Nýtt deiliskipulag samfara ofanflóðavörnum gerir ráð fyrir húsum á auðum lóðum. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Upphaflega sléttmúrað, nú klætt trapisubáru. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Á sínum tíma sérstakt hús en klæðning til mikilla lýta. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1948**

# Urðargata 19

Fyrsti eigandi: Jens V. Jensson
Hönnuður: Guðjón Jóhannesson

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Urðargata 19, fyrir 1957.



Urðargata 19, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Kjallari<br>Svalir |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1957 | Húsið klætt að utan og timbursvalir í stað steyptra. | |
| 1957 | Steyptur rennukantur brotin af. | Ókunnur, |

## Saga

Tveggja íbúða steinsteypt hús, byggt af Jens Viborg Jenssyni vélstjóra og hannað af Guðjóni Jóhannessyni byggingameistara á Patreksfirði. Jens var einn af 5 mönnum sem fórust með togaranum Verði í janúar árið 1959. Síðan býr í húsinu Friðbjörn Gunnlaugsson og Sigríður Halla Sigurðardóttur en þau voru bæði kennarar. Húsið hefur glatað upprunalegum einkennum þ.e. steyptum kanti og svölum. Upphaflega sléttmúrað en nú einangrað að utan og klætt steniplötum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Vængstýfður byggingameistarafunkis. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti samfelldrar götumyndar neðan Urðargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upphaflega sléttmúrað með steyptum þakkanti og svölum, nú klætt steni með timbursvölum og kantur horfinn. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hefur ákveðið gildi sem hluti götumyndar en húsið sem slíkt hefur lágt varveislugildi að teknu tilliti til seinni tíma breytinga. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1928** Urðargata 20 Klöpp

Fyrsti eigandi: Guðmundur S. Guðmundsson og Kristín
Hönnuður: Kristján Guðbrandsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Húsið ekki í notkun



Teikningar Ó. F. Ólafssonar frá 1928.



Húsið 2019

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Mótuð stálklæðning |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | | Tvílyft<br>Útitröppur<br>Kvistir<br>Viðbygging<br>Reykháfur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1934 | Hæð byggð ofan á húsið | Ó. F. Ólafsson, Járnsmiður |
| 1941 | Þakhæð og viðbygging. | Ingi Kristjánsson, Byggingameistari |

## Saga

Húsið er byggt í nokkrum áföngum. Samþykkt var á fundi bygginganefndar þann 4. ágúst 1928 að Guðmundur S. Guðmundsson fengi að rífa íbúðarhús sitt og byggja nýtt hús á sama grunni með því skilyrði að húsið yrði á steyptum grunni. Hinsvegar veitti nefndin undanþágu frá kröfu um að húsið snéri rétt við götu. Upphaflega var húsið ein hæð, steinsteypt með virkisstöllum, hannað af Kristjáni J. Guðbrandssyni smiði á Patreksfirði. Árið 1934 er húsið hækkað um eina hæð, teikningar undirritaðar af Ólafi. F. Ólafssyni sem hannaði nokkur hús á Patreksfirði. Rishæðin og viðbygging er síðan byggð árið 1941, teiknuð af Inga Kristjánssyni sem var afkastmikill hönnuður og byggingameistari á fimmta áratugnum. Upphaflega ein íbúð en eftir viðbyggingar þrjár.
Húsið hefur verið klætt stálplötum og gluggum breytt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Steisteypt hús sem hefur vaxið og breyst mikið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Áberandi í sundurlausri götumynd ofan götu. Nýtt deiliskipulag samfara ofanflóðavörnum gerir ráð fyrir húsum á auðum lóðum. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið hefur tekið miklum breytingum frá upphafi. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið hefur staðið tómt í mörg ár og komið að viðhaldi að utan sem innan. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Illa farið og mikið breytt hús. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1963**

# Urðargata 22

Fyrsti eigandi: Ingólfur Arason
Hönnuður: Kjartan Sveinsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Urðargata 22, 2018.



Urðargata 22, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Einlyft<br>Útitröppur<br>Kjallari | | |

## Saga

Annað tveggja húsa í Urðargötu í módernískum stíl, hönnuð af Kjartani Sveinssyni, en þegar kemur fram á sjöunda áratug síðustu aldar er í farið að leita til hönnuða fyrir sunnan. Ingólfur Arason kaupmaður lét byggja húsið en við hann var Ingólfsbúð, (Aðalstræti 8), kennd.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Gott dæmi um hús Kjartans Sveinssonar í módernískum stíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús kaupmanns. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið hannað með tilliti til hlíðar ofan götu og sómir sér vel í götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Óbreytt frá upphafi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel viðhaldið með virðingu fyrir uppruna. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Verðugur fulltrúi sjöunda áratugar síðustu aldar á Vatneyri. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1965**

Urðargata 23

Fyrsti eigandi: Finnbogi Magnússon og Dómhildur Eiríksdóttir
Hönnuður: Kjartan Sveinsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Útlitsteikning Kjartans Sveinssonar 1962.



Urðargata 23, 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Kjallari<br>Svalir<br>Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1990 | Mænisþak sett á húsið og það klætt steni. | Teiknistofan hf Ármúla 6, Arkitekt |

## Saga

Annað tveggja húsa í Urðargötu sem hannað er af Kjartani Sveinssyni en þegar kemur fram á sjöunda áratug síðustu aldar er í farið að leita til hönnuða fyrir sunnan. Finnbogi Magnússon, útgerðarmaður og skipstjóri, lét byggja húsið. Upphaflega var húsið byggt í móderniskum stíl með einhalla þökum, sem hölluðu á móti hvoru öðru, en mænisþak var sett á húsið árið 1989 og húsið klætt steni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Upphaflega móderniskt hús en seinni tíma breytingar hafa rýrt listrænt gildi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er ysta hús Urðargötu við jaðar snjóflóðasvæðis. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Talsvert breytt - mænisþak og klæðning. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Síðari tíma breytingar draga úr varðveislugildi. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1951** Urðargata 26

Fyrsti eigandi: Guðjón Jóhannesson og Kristinn Jónsson
Hönnuður: Guðjón Jóhannesson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Urðargata 26, vesturhlið 2011.



Urðargata 26, suðaustur 2018.

| Gerð húss: | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Viðbygging | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Pagóðuþak | Pagóðuþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur<br>Svalir | Tvílyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Svalir<br>Útitröppur | | |

## Saga

Steinsteypt tveggja íbúða hús, hannað og byggt af Guðjóni Jóhannessyni byggingameistara á Patreksfirði. Guðjón átti rætur sínar í funksjónalisma stríðsáranna en hér gætir áhrifa byggingalistar eftirstríðsára má þar m.a. nefna Einar Sveinsson. Einnig má geta sér til að Guðjón hafi litið til Friðþjófshúss, (Urðargötu 2), við hönnun hússins. Guðjón og kona hans, Erla Guðjónsdóttir, bjuggu á neðri hæð hússins. Á efri hæðinni Kristinn Jóhannes Jónsson útgerðarmaður og kona hans Magndís Magnúsdóttir.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Sérstakt hús, eitt tveggja húsa á Patró með pagóðuþaki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús Guðjóns Jóhannessonar byggingameistara. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Endi Urðargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Lítið breytt fyrir utan plastglugga. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Gott viðhald |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Áberandi hús í ásýnd þorpsins. |
| Verndarflokkar: | Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti | |

**Byggingarár: 1904** Við Aðalstræti Patreksfjarðarkirkja

Fyrsti eigandi: Patreksfjarðarsókn
Hönnuður: Sigurður Magnússon

Upphafleg notkun: Kirkja
Núverandi notkun: Kirkja




Kirkjan fyrir 1932



2019

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft | Tvílyft |
| | Turn | Turn |
| | Kór | Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1932 | Byggt ofan á turn. | Húsameistari ríkisins, Arkitekt |
| 1967 | Byggt beggja vegna kórs og turns. | |

## Saga

Allt þar til að Patreksfjarðarkirkja var vígð í maí 1907, en bygging hennar hófst árið 1904, þurftu íbúar á Erum að sækja kirkju í Sauðlauksdal. Þegar íbúum fór að fjölga á Eyrum urðu þær raddir háværar sem vildu fá krikju í þorpið. Árið 1903 gaf landstjórnin leyfi til nýrrar kirkjubyggingar í kaupstaðnum sem varð til þess að Markús Snæbjörnsson kaupmaður á Geirseyri gaf land undir hana og kirkjugarð sem vígður var árið 1904. Kirkjulóðin var á mörkum Geirs- og Vatneyrar, Geirseyrarmegin þannig að íbúum þorpana var gert jafnt undir höfði.
Sigurður Magnússon héraðslæknir og þáverandi sóknarnefndarformaður teiknaði kirkjuna en jafnframt því að vera læknir hafði hann sveinsbréf í trésmíði.
Steinsmiðurinn Guðmundur Einarsson hafði yfirumsjón með allri steinsmíði við kirkjuna. Um trésmíðavinnu við kirkjuna sáu þeir Jónas Jónasson, Jósep Magnússon og Björn Lárusson.
Kirkjan er þriðja elsta steinsteypta kirkjan hér á landi og sú elsta sem er tvílofta.
Árið 1932 samþykkir byggingarnefnd munnlega beiðni frá kvenfélaginu Sif um að setja steinsteypta girðingu með framhlið kirkjugarðsins. “samþykkti nefndin að veita leyfi til að reisa þessa girðingu, en þó svo fjarri götu sem grafreiturinn frekast leyfir og ennfremur með því skilyrði að girðingin verði opin en ekki heill veggur, og að girðingin verði svo lagleg til útsjónar sem félagið sér sér fært kostnaðar vegna”. Kvenfélagið Sif hefur frá upphafi verið söfnuðinum traustur bakhjarl, ekki síst í hönnun og gerð

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Kirkjan samsvaraði sér betur í upphafi - turn hlutfallslega of stór. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Kirkja. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af götumynd Aðalstrætis og ásýnd þorpsins. Kirkjan staðsett Geyrseyrarmegin við mörk Eyra. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Kirkjuskipið og kórinn upprunaleg og kirkjan nánast óbreytt að innan. Turn og viðbyggingr rýra upprunalegt gilsi. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Kirkjunni er vel viðhaldið en kirkjugarðsgirðing þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Kirkjan ein af meginbyggingum Patreksfjarðar í ásýnd þorpsins, byggð í tenglslum við stofnun sveitarfélagsins |
| Verndarflokkar: | Friðlýst hús - blár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |